HS VEITUR HF

ÁRSSKÝRSLA 2010

EFNISYFIRLIT

HS Veitur hf 3
Stjórn og skipulag 4
Fjármál 6
Skrifstofa 7
Starfsmannafélag 8
Fréttaveitan 10
Heimsóknir 10
Rafmagnsdeild 12
Notkun hitaveituvatns 17
Vatnsdeild 18
Viðhaldsdeild 23
Innkaupa- og birgðadeild 24
Upplýsingasvið 25
Gæðamál 25
Skjalastjórnun 26
Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál 28
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra 33
Áritun óháðs endurskoðanda 34
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 35
Efnahagsreikningur 36
Eiginfjáryfirlit 37
Sjóðstreymisyfirlit 38
Skýringar 39

HS Veitur hf

Árið 2010 var annað rekstrarár HS Veitna hf í kjölfar þess að Hitaveita Suðurnesja hf var sem slík lögð niður en við hlutverki hennar tóku tvö sjálfstæð fyrirtæki, HS Orka hf og HS Veitur hf.

Starfsemi HS Veitna hf var með hefðbundnu sniði á árinu. Vegna ástands í efnahagsmálum varð áframhaldandi samdráttur í orkunotkun á veitusvæðinu og drósti almenn raforkunotkun saman um 1,6%. Vegna breytinga á sölukerfi á heitu vatni á Suðurnesjum er samanburður milli ára erfiður. Fjárfestingar á árinu 2010 voru ívið meiri en árið áður og námu alls 584 m.kr. en 399 m.kr. á árinu 2009.

Afkoma ársins var ágæt og var bókfærður hagnaður af rekstri félagsins 321 m.kr. en árið áður var 255 m.kr. tap á rekstrinum. Lausafjárstaða félagsins var mjög góð, m.a. vegna þess að um 98,5% lána félagsins eru ekki á gjalddaga fyrr en 2018. Stjórn félagsins hefur því ákveðið að nýta góða lausafjárstöðu til að kaupa eigin skuldabréf, sem eru á gjalddaga 2018, og voru keypt bréf að nafnvirði 800 m.kr. og þá að kaupverði um 900 m.kr. Með þessu eru skuldir félagsins lækkaðar um u.þ.b. 15% og um leið bætir þetta afkomuna í framtíðinni vegna lægri vaxta og verðbóta.

Stjórn félagsins vann á síðari hluta ársins umfangsmikla stefnumótunarvinnu með aðstoð ráðgjafa frá Capacent. Í þessari stefnumótunarvinnu var m.a. stefna mótuð varðandi framtíðarsýn, starfsemi og umfang félagsins, fjárhagsregla sett, þ.m.t. arðgreiðslustefna, og mótaðar rekstrar- og eigendastefna.

Gerð var úttekt á hagkvæmni verksamnings sem er milli HS Orku hf og HS Veitna hf en samkvæmt honum annast starfsmenn HS Orku hf alla þjónustu félagsins í samræmi við verktakasamning milli félaganna. Verkefni HS Veitna er öll veitustarfsemi sem Hitaveita Suðurnesja annaðist þ.e. dreifingu raforku auk dreifingar og sölu á heitu og köldu vatni. Niðurstaða þessarar úttektar var sú að samvinnan sparar báðum félögunum verulegar fjárhæðir á hverju ári og ákvað stjórn HS Veitna því að stefna ekki að breytingum á þessu fyrirkomulagi næstu tvö árin a.m.k.

Vatnsmagn frá orkuveri 2010 var 11.515.524 tonn sem er um 0,13% aukning frá árinu áður og um 50% aukning frá 1998. Framleiðsla varmaorku var 637,9 GWst eða 2,8% minnkun og mesta orkuframleiðsla einstaks mánaðar var í desember eða 65,2 GWst. Mesta framleiðsla í tonnum var í desember eða 1.112.155 tonn. Hámarks framleiðsla einstakan dag í orkuveri var um 463 l/s en hámarksálag einstakan dag var 23. desember eða 101,54 MW í varma.

Framtíðarsýn

HS Veitur afhenda tærustu afurðir þjóðarinnar inn á hvert heimili og fyrirtæki á þjónustusvæði sínu sem endurspeglast í hugarfari og þjónustu fyrirtækisins

- Þjónusta og samstarf við viðskiptavini byggir á gagnkvæmum hagsmunum. Möguleikar samskiptatækni nýttir til þess að þróa áfram hagkvæm samskipti og upplýsingamiðlun
- Framsækin tæknileg umgjörð starfseminnar og frumkvæði að samstarfi við nýsköpunar- og fræðasamfélagið í þeim tilgangi að þróa áfram hagræna og tæknilega þætti veitukerfanna
- Tillit tekið til velferðar og hagsmuna þeirra samfélaga sem eru á starfssvæði fyrirtækisins.

Stjórn og skipulag

Aðalfundur HS Veitna hf fyrir árið 2009 var haldinn 19. mars 2010 í Eldborg í Svartsengi. Að loknum aðalfundi var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

Formaður:	Árni Sigfússon, Reykjanesbæ
Varaformaður:	Böðvar Jónsson, Reykjanesbæ
Ritari:	Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
Meðstjórnendur:	Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfjarðarbæ
	Glúmur Jón Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur
	Guðbrandur Einarsson, Reykjanesbæ
	Ólafur Thordersen, Reykjanesbæ

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í stjórn:	Davíð Örn Jónsson, Orkuveitu Reykjavíkur
	Guðný Kristjánsdóttir, Reykjanesbæ
	Kristinn Þór Jakobsson, Reykjanesbæ
	Magnea Guðmundsdóttir, Reykjanesbæ
	Sigríður Björk Jónsdóttir, Hafnarfjarðarbæ
	Steinþór Jónsson, Reykjanesbæ
	Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ

Hlutafjáreign í HS Veitum hf skiptist þannig 31.12.2010

	HS Veitur hf	Hlutfall
Reykjanesbær	892.043.759	66,748%
Orkuveita Reykjavíkur	221.609.343	16,582%
Hafnarfjarðarbær	206.047.937	15,418%
Grindavíkurbær	6.802.866	0,509%
Sandgerðisbær	4.316.403	0,323%
Garður	4.277.099	0,320%
Vogar	1.331.573	0,100%
Samtals	1.336.429.000	100,000%

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri:	Júlíus Jónsson
Aðstoðarforstjóri:	Albert Albertsson

Árni Sigfússon

Böðvar Jónsson

Björk Guðjónsdóttir

Eyjólfur Sæmundsson

Glúmur Jón Björnsson

Guðbrandur Einarsson

Ólafur Thordersen

Júlíus Jónsson
forstjóri

Albert Albertsson
aðstoðarforstjóri

Fjármál

Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2010 var jákvæð um 321 m.kr. en var neikvæð um 255 m.kr. fyrir árið 2009, það gerir viðsnúning upp á 576 m.kr. Viðsnúningurinn skýrist m.a. af bættum rekstri félagsins, lækkun á gjaldfærðri lífeyrisskuldbindingu milli ára, lækkun virðisrýrnunar á milli ára (engin á árinu 2010 en var 140 m.kr. á árinu 2010) og mikilli lækkun verðbóta langtímalána á milli ára en þær eru um 182 m.kr. árið 2010 á móti 543 m.kr. 2009. Lausafjárstaða var mjög góð á árinu en félagið endurkeypti úr skuldabréfaútboði fyrir alls um 900 m.kr.

Rekstrartekjur ársins námu alls 4.215 m.kr. sem er um 6% hækkun í krónutölu frá árinu áður en um 3% að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.365 m.kr. af vatnssölu (32,4%), 1.524 m.kr. af raforkudreifingu (36,2%), raforkuflutningur 618 m.kr. (14,7%), ferskvatnssala 414 m.kr. (10,0%) og aðrar tekjur 294 m.kr. (7,0%). Rekstrargjöld voru 3.295 m.kr. og voru afskriftir þar af 500 m.kr. (15,2%), en fjármagnsliðir voru í heild neikvæðir um 468 m.kr. en voru árið áður neikvæðir um 843 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 53,0% en var 50,9% árið áður og veltufjárhlutfall var 2,53 en var árið áður 4,83. Félagið greiddi 95 m.kr. í arð á árinu.

Greiddar voru 91 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu, endurkaup á skuldabréfaútgáfu var um 900 m.kr. og verðbætur lána námu alls 182 m.kr. Langtímaskuldir í árslok eru þá, með næsta árs afborgunum, 5.910 m.kr. og meðal vaxtabyrði langtímalána var 5,3% í árslok.

Í áætlunum fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf verði um 535 m.kr. og að þær verði fjármagnaðar með eigin tekjum. Afskriftir eru áætlaðar um 503 m.kr., afborganir langtímaskulda samkvæmt lánssamningum u.þ.b. 58 m.kr., greiðslur til eigenda 250 m.kr. og heildartekjur eru áætlaðar verða um 4.492 milljónir. Ekki er gert er ráð fyrir lántökum á árinu en stjórn félagsins hefur ákveðið að nýta góða lausafjárstöðu til að kaupa til baka eigin skuldabréf, sem eru á gjalddaga 2018, fyrir að nafnvirði 300 m.kr. og þá á kaupverði um 340 m.kr.

Íbúafjöldi á orkuveitusvæði HS Veitna hf 31.12.2010

	Hitaveita	Hitaveita	Rafmagn	Rafmagn	Vatnsveita*	Vatnsveita*
Reykjanesbær	14.091	55,27%	14.091	24,98%	14.091	55,27%
Grindavík	2.837	11,13%	2.837	5,03%	2.837	11,13%
Sandgerði	1.710	6,71%	1.710	3,03%	1.710	6,71%
Garður	1.515	5,94%	1.515	2,69%	1.515	5,94%
Vogar	1.206	4,73%	1.206	2,14%	1.206	4,73%
	21.359	83,78%	21.359	37,87%	21.359	83,78%
Hafnarfjörður	0	0,00%	25.913	45,95%	0	0,00%
Garðabær (hluti)	0	0,00%	2.480	4,40%	0	0,00%
Álftanes	0	0,00%	2.513	4,46%	0	0,00%
		0,00%		0,00%		0,00%
Vestmannaeyjar	4.135	16,22%	4.135	7,33%	4.135	16,22%
Árborg		0,00%	7.811	13,85%		0,00%
Alls	25.494	100,00%	56.400	100,00%	25.494	100,00%

** Í Grindavík, Sandgerði og Sveitarfélaginu Vogum sér HS Veitur eingöngu um vatnsöflunina.*

Skrifstofa

Rekstur skrifstofu HS Veitna var með svipuðu sniði og fyrri ár. Fyrstu mánuðir ársins voru litaðir af innleiðingu nýs orkureikningakerfis en sú innleiðing mun bæta til muna möguleika á upplýsingagjöf til viðskiptavina. Í framhaldi af innleiðingu orkureikningakerfis hefur verið unnið að endurbótum verklagsferla.

Enn fækkar umsóknum vegna heimtauga rafmagns og hitaveitu- og vatnsheimæða. Þessa þróun má sjá í stöplaritinu hér fyrir neðan.

Notendaskipti voru þó með svipuðu sniði og áður og fylgdu eðlilegri sveiflu.

Fyrirkomulag á þjónustuborði hefur verið með svipuðu sniði og áður þ.e. skiptiborð, þjónustufulltrúar og bakvinnsla ásamt því að starfandi er verkefnisstjóri þjónustuborðs. Skiptiborð og þjónustuborð svaraði að jafnaði um 208 símtölum daglega frá innri og ytri viðskiptavinum.

Samstarf við Motus áður Intrum hófst á árinu og nú sinnir Motus allri milliinnheimtu fyrir HS Veitur hf. Viðskiptavinum HS bjóðast ýmsar leiðir til að greiða reikninga sína og forðast þar með þann kostnað sem óhjákvæmilega bætist við höfuðstól reiknings eftir að innheimtufyrirtæki hefur yfirtekið skuldina.

Í heild eru reikningsfærðir 33.666 reikningar mánaðarlega, þar af eru 1.730 í rafrænum viðskiptum, 10.575 í beingreiðslum og 3.922 í boðgreiðslum. Þar með eru 48% útgefinna reikninga pappírslausir.

Almennar viðskiptakröfur hafa heldur aukist á árinu. Í lok árs 2009 námu þær 593 milljónum en í lok árs 2010 voru þær 837 milljónir. Er þetta aukning um rúm 41% og varúðarniðurfærsla var því aukin um 33.4 milljónir. Má einna helst rekja þessa aukningu til aukinna vanskila vegna orkureikninga, en einnig vanskila annarra krafna.

Notendaskipti



Fjöldi heimlagna- og heimtaugabeiðna



Starfsmannafélag

Á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 21. apríl 2010 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn félagsins og skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Víðir S. Jónsson, formaður
Sigmar Örn Sigþórsson, varaformaður
Sigrún Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Þorgrímur Hálfdánarson, ritari
Þórhildur Eva Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Varamenn sem jafnframt sitja alla stjórnarfundi:
Margrét Guðleifsdóttir
Kristján Ástþór Baldursson

Sumarhús félagsins í Húsafelli var í stöðugri notkun s.l. sumar og notkun fyrir utan hefðbundin orlofstíma einnig góð. Það sama má segja um húsið á Akureyri, sem fyrirtækið á og félagið hefur til útleigu fyrir félagsmenn sína. Í bæði húsin var farin viðhaldsferð s.l. vor, smávægilegar lagfæringar og dyttað að ýmsu. Gera þarf varanlegt bílastæði við húsið og laga aðgengi og að húsinu.

Árshátíð var haldin á veitingastaðnum Lava Bláa Lóninu laugardaginn 6. mars. Algjörlega magnað umhverfi sem boðið er upp á þar. Þátttaka var mjög góð og var hátíðin með breyttu sniði. Fenginn var veislustjóri, töframaður, uppistandari og fleira til að skemmta gestum. Hljómsveitin Hobbitarnir lék svo fyrir dansi fram eftir nóttu.

Fjölskyldudagur var haldinn laugardaginn 12. júní í Svartsengi annað árið í röð. Boðið var upp á hoppukastala, andlitsmálun, börnin fengu að fara í smá reiðtúr og prófa fjórhjól og mótorhjól, pylsur voru grillaðar o.fl. skemmtilegt. Veður hefði mátt vera hagstæðara og vegna þessa var sett upp aðstaða innandyra fyrir ýmsa leiki.

Sumarferð var farin til Tyrklands í tveimur hópum í september. Annars vegar vikuferð sem alls 40 manns fóru í og svo 11 daga ferð með alls 18 manns. Í báðum ferðum var um að ræða félagsmenn og maka. Staðurinn var Turqutreis, 5 stjörnu hótel og allt innifalið. Staðurinn, viðmót fólks, veðrið, hópurinn, þetta var í einu orði sagt frábærar ferðir og voru allir sem tóku þátt sammála um það.

Farið var í Borgarleikhúsið að sjá Gauragang þann 29. nóvember. Jólabingó fyrir félagsmenn og maka var haldið 26. nóvember. Leitað var til margra fyrirtækja varðandi vinninga og var beiðninni nánast undantekningarlaust vel tekið. Alls mættu um 80 manns. Allir fóru heim með vinning og sumir fleiri en 1 og 2. Jólahlaðborð félagsins var haldið laugardaginn 11. desember í Hljómahöllinni. Góður matur og ljúf kvöldstund.

Ég vil að lokum þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn varðandi starf félagsins. Félagið er ríkt, það á skemmtilegustu félagsmenn í heimi sem taka virkan þátt í starfinu. Þá vil ég þakka stjórn og stjórnendum fyrir ómetanlegan skilning og stuðning við starf félagsins.

Starfsmenn

	2010				2009			
	Fj. starfsmanna		Stöðugildi		Fj. starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn	3		3,0		3		3,0	
Fjármála- og þjónustusvið	28		26,2		28		25,7	
Sala- og markaðsmál	2		2,0		2		2,0	
Þróunar-, umhverfis-, og tæknisvið	2		2,0		2		2,0	
Gæða- og starfsmannamál	1	36,0	1,0	34,2	1	36,0	1,0	33,7
Forstöðumaður hitaveitu- og ferskvatnsdeildar	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn	1		1,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit	16	18,0	16,0	18,0	16	18,0	16,0	18,0
Forstöðum.rafm.d.	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun	3		3,0		3		3,0	
Tækniteiknun	3		2,8		3		3,0	
Viðhald og eftirlit	21		21,0		21		21,0	
Rafmagnsöryggismál	4		4,0		4		4,0	
Mælar	3	35,0	3,0	34,8	3	35,0	3,0	35,0
Upplýsingakerfi	2	2	2,0	2	3	3	3,0	3
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja	2		2,0		2		2,0	
Birgðavarsla	5		5,0		5		5,0	
Viðhald mannvirkja	3	10	3,0	10	3	10	3,0	10,0
Samtals		101,0		99,0		102,0		99,7
Suðurnes - Njarðvík	62		61,6		62		62,0	
Hafnarfjörður	20		19,5		21		20,5	
Vestmannaeyjar	15		13,8		15		13,8	
Selfoss	4	101,0	4,0	99,0	4	102,0	4,0	100,3
		101,0		99,0		102,0		100,3

Fréttaveitan

Alls komu út tvö blöð á árinu 2010. Það fyrra í prentformi í október, tölublað 225 og það síðara í desember, tölublað 226 eingöngu í netformi.

Stefna blaðsins hefur verið að koma út á tveggja mánaða fresti og flytja fréttir af fyrirtækinu sem og starfsfólki þess. Uppsetning blaðsins hefur verið í höndum Jóhanns Friðriks Friðrikssonar hjá Intro en ritstjóri setti sjálfur upp tölublað 226 og mun setja blaðið upp framvegis. Það mun eingöngu koma út í netformi og verður birt á heimasíðu fyrirtækisins. Áhugasamir lesendur geta einnig fengið það sent í tölvupósti.

Heimsóknir

Hluti af starfi okkar er að taka á móti gestum, segja sögu fyrirtækisins og orkuvinnslu og sýna vélbúnað orkuveranna. Þannig hefur það verið frá fyrsta degi. Fyrirtækið vill gjarnan að fólk kynnist því sem það er að gera. Gestir okkar eru hrifnir af því sem fyrir augu ber og því sem þeir heyra. Orkuverið í Svartsengi, fyrsta orkuver sinnar tegundar í heiminum sem tvinnar saman vinnslu á heitu vatni og rafmagni, þykir einstakt sem og Auðlindagarðshugsunin þar sem hugað er að fjölnýtingu á orkunni sem og „hraki" orkuvinnslunnar. Hrakið er í reynd ekki „hrakstraumur" heldur „auðlindastraumur" og er fyrirhuguð vinnsla Carbon Recycling International (CRI) á náttúrulegum koltvísýringi sem orkuverið blæs út, gott dæmi um það.

Gestir koma í hópum, stórum sem smáum. Fólk kom í vísindaferðir, ráðstefnugestir, mörg félagasamtök, skólahópar með börn á öllum aldri og sem vildi svala forvitninni og sjá orkuver í rekstri og fræðast. Ungir sem gamlir, meiriparturinn Íslendingar og svo útlendingar víða að úr heiminum. Útlendingar eru alltaf jafn hissa á hvað allt er opið kringum virkjanirnar, engar rafmagnsgirðingar né vopnaðir verðir, allt hreint og snyrtilegt. Alls komu tæplega 5.800 gestir á síðasta ári og eru það töluvert færri en komu í heimsókn árið 2009, eða um 16% fækkun gesta. Heimsóknum á sýninguna Orkuverið jörð í Reykjanesvirkjun, móttökur sem Blue Diamond sér um hefur fjölgað lítillega frá því sýningin var formlega opnuð í júlí 2008.

Heimsóknir



Fjárfestingar 2010

Á árinu voru fjárfestingar aðeins meiri en árið áður og námu fjárfestingar í veitukerfum 576 m.kr. (398 m.kr. árið áður) og alls 584 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum (399 m.kr. árið áður) og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

	Dreifikerfi rafmagn	Dreifikerfi hitaveita	Dreifikerfi o.fl. vatnsveita	Samtals
Reykjanesbær	50.315	78.829	15.443	144.586
Grindavík	4.723	1.815	0	6.538
Sandgerði	1.648	195	0	1.842
Garður	2.735	83	69.555	72.374
Vogar	5.396	165	2.011	7.572
Hafnir	0	0	0	0
Keflavíkurflugvöllur	181.073	182	128	181.383
Flugstöðvarsvæði	0	0	0	0
	245.889	81.268	87.137	414.295
Hafnarfjörður	72.608	0	0	72.608
Garðabær	22.483	0	0	22.483
Álftanes	3.564	0	0	3.564
Hafnarfjarðarsvæði	535	0	0	535
	99.190	0	0	99.190
Selfoss	15.912	0	0	15.912
Eyrarbakki	1.133	0	0	1.133
Stokkseyri	326	0	0	326
	17.371	0	0	17.371
Vestmannaeyjar	29.676	4.268	9.572	43.517
Varmadæluverkefni	0	1.147	0	1.147
	29.676	5.415	9.572	44.664
Veitukerfi samtals	392.127	86.683	96.710	575.520
Farartæki og vinnuvélar				8.753
Fjárfestingar alls				584.272

Upphæðir eru í þúsundum króna.

Rafmagnsdeild

SUÐURNES

Á árinu 2010 voru framkvæmdir að mestu á Ásbrú, þar sem unnið hefur verið að endurnýjun dreifikerfis. Veittur var eins árs frestur til að ljúka framkvæmdum, þ.e. til 1. október 2011. Þá er reiknað með að hægt verði að slökkva á riðbreytum og að 50Hz rafmagn verði komið á allt svæðið.
Aðrar helstu framkvæmdir voru færsla á dreifistöð við Nesvelli, ný dreifistöð við Sunnubraut í Keflavík og ný dreifistöð vegna Olíudreifingar í Helguvík. Hafnalína var skoðuð og lagfærð í kjölfar skoðunar, skipta þurfti um nokkra staura vegna fúa, auk lagfæringar á bindingum og stögum.

Dreifing háspennu

Lagðir voru rúmir 3 km af 12 kV streng á Suðurnesjum á árinu. Helsta verkefnið var á Ásbrú og 400 m strenglögn í Helguvík vegna nýrrar dreifistöðvar. Tenging Hafnalínu var breytt í kjölfar lagfæringar og er nú í gegnum dreifikerfið á Ásbrú. Innri og ytri skoðanir voru framkvæmdar samkvæmt áætlun í DMM. Lagfæringar eftir skoðanir hafa gengið vel en á árinu voru rúmlega 1.600 frávik lagfærð. Settar voru upp 10 nýjar dreifistöðvar á Suðurnesjum, flestar á Ásbrú.

Dreifing lágspennu

Helstu verkefnin í lágspennukerfinu voru einnig á Vallarheiði en þar var áfram unnið að endurnýjun rafdreifikerfisins. Stefnt er að því að klára endurnýjun dreifikerfis fyrir október 2011. Önnur verkefni voru helst að loftlína að Hrauni í Grindavík var sett í jörðu og tengingum heimtauga. Gatnalýsingu var viðhaldið með hefðbundnum hætti en viðhaldssamningur um hana við sveitarfélögin er á lokastigi. Alls voru tengdar 80 heimtaugar á Suðurnesjum, þar af voru 1 1800 A og 12 200 A eða stærri. Tengdar voru 23 vinnuheimtaugar. Skoðanir á dreifikerfinu skv. áætlun úr DMM hafa verið framkvæmdar samkvæmt áætlun. DMM gagnagrunnurinn heldur utan um allar athugasemdir frá skoðun og þar til lagfæringu er lokið.

Raforkunotkun 2010

KWst

	Almennir taxtar	Hitataxtar	Afltaxtar	Samtals
Suðurnes 2010	115.254.006	3.497.879	62.531.834	181.283.719
Suðurnes 2009	121.659.286	2.462.823	66.436.856	190.558.965
Breyting %	-5,26%	42,03%	-5,88%	-4,87%
Hafnarfjörður 2010	124.637.400	950.844	27.978.916	153.567.160
Hafnarfjörður 2009	128.117.453	799.353	24.683.940	153.600.746
Breyting %	-2,72%	18,95%	13,35%	-0,02%
Vestmannaeyjar 2010	33.509.563	6.629.334	4.201.949	44.340.846
Vestmannaeyjar 2009	24.828.936	5.742.255	9.418.160	39.989.351
Breyting %	34,96%	15,45%	-55,38%	10,88%
Árborg 2010	34.430.794	562.625	11.079.260	46.072.679
Árborg 2009	31.278.557	486.354	15.051.650	46.816.561
Breyting %	10,08%	15,68%	-26,39%	-1,59%
Samtals 2010	307.831.763	11.640.682	105.791.959	425.264.404
Samtals 2009	305.884.232	9.490.785	115.590.606	430.965.623
Breyting %	0,64%	22,65%	-8,48%	-1,32%
% af heild	50,67%	1,92%	17,41%	70,00%

Rekstrartruflanir

Hafnalína sló út tvisvar vegna bilunar. Nú er búið að yfirfara línuna og gera við það sem fannst að, þó má alltaf reikna með að vegna nálægðar við sjávarsíðuna að truflanir á línunni geti orðið vegna seltu. Þrjár bilanir voru í háspennu á Ásbrú á 60 Hz kerfinu. Tvær háspennubilanir urðu á 12 kV, önnur í Helguvík vegna villu í liða og hin í Njarðvík vegna bilunar í streng. Straumlaust varð í Sandgerði í febrúar vegna bilunar í háspennustreng. Taka þurfti af rafmagn í Grindavík stutta stund í júlí vegna upptektar á tappastilli í aðveituspenni. Hluti Keflavíkur varð straumlaus í nóvember vegna skammhlaups í olíuendamúffu í dreifistöð við Sólvallagötu, töluvert tjón varð í stöðinni. Í desember varð hluti Dalshverfis straumlaus vegna yfirálags, liði var rangt stilltur og var það lagfært.

	Ótryggð sala	Ómæld gatnalýsing	Samtals	Eigin not	Töp o.fl.	Samtals
Suðurnes 2010	6.419.930	104.230	187.807.879	61.257.285	6.437.440	255.502.604
Suðurnes 2009	6.465.825	187.341	197.212.131	64.304.288	2.453.740	263.970.159
Breyting %	-0,71%	-44,36%	-4,77%	-4,74%	162,35%	-3,21%
Hafnarfjörður 2010	4.575.839	3.965.955	162.108.954	0	10.023.496	172.132.450
Hafnarfjörður 2009	4.006.588	5.187.187	162.794.521	0	8.748.529	171.543.050
Breyting %		-23,54%	-0,42%		14,57%	0,34%
Vestmannaeyjar 2010	73.747.188	907.432	118.995.466	0	916.096	119.911.562
Vestmannaeyjar 2009	74.292.690	922.884	115.204.925	0	3.145.304	118.350.229
Breyting %		-1,67%	3,29%		-70,87%	1,32%
Árborg 2010	11.854.416	0	57.927.095	0	2.076.800	60.003.895
Árborg 2009	12.673.640	0	59.490.201	0	1.848.751	61.338.952
Breyting %	-6,46%		-2,63%		12,34%	-2,18%
Samtals 2010	96.597.373	4.977.617	526.839.394	61.257.285	19.453.832	607.550.511
Samtals 2009	97.438.743	6.297.412	534.701.778	64.304.288	16.196.324	615.202.390
Breyting %	-0,86%	-20,96%	-1,47%	-4,74%	20,11%	-1,24%
% af heild	15,90%	0,82%	86,72%	10,08%	3,20%	100,00%

HAFNARFJÖRÐUR

Dreifing háspennu

Árið 2010 voru lagðir 760 m af 12 kV háspennustreng á Hafnarfjarðarsvæðinu. Ekki voru neinar nýjar framkvæmdir vegna nýrra íbúðasvæða eða nýrra iðnaðarsvæða á árinu 2010. Vegna uppbyggingar á geymslusvæðinu í Hafnarfirði voru lagðir 380 m að 12 kV háspennustreng og einnig voru lagðir 240 m að háspennustreng vegna nýrrar dreifistöðvar fyrir Thor Data Center, sem er nýtt gagnaver sem hóf starfsemi í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni. Afgangurinn, eða 140 m af háspennustreng, fór í Urriðaholt í Garðabæ.

Þrjár nýjar dreifistöðvar voru teknar í notkun á árinu. Eins og áður var nefnt þá var ein dreifistöð sett upp við gagnaverið í Hellnahrauni með samtals 3,2 MVA uppsettu spennaafli og er dreifistöðin eingöngu fyrir gagnaverið. Einnig var byggð ný dreifistöð við Norðurbakka í Hafnarfirði, en dreifistöðin er sambyggð bílakjallara fyrir Norðurbakka 5. Dreifistöðin kemur í stað bráðabirgða dreifistöðvar, sem hefur verið þar í nokkur ár og þjónar einnig næsta nágrenni við stöðina. Þriðja dreifistöðin var sett upp við Álhellu, sem er á geymslusvæðinu við Reykjanesbraut. Þar er búið að reisa nokkur stór iðnaðarhús. Skoðanir á dreifikerfinu voru samkvæmt áætlun og var unnið talsvert mikið við lagfæringar í dreifistöðvum, m.a. skipt um lágspennubúnað í tveimur dreifistöðvum, dreifistöðinni við Hamar og við Reykjavíkurveg.

Dreifing lágspennu

Lagðir voru um 4.600 m af 1 kV dreifistrengjum á Hafnarfjarðarsvæðinu. Af þeim fóru um 600 m vegna fyrsta áfanga dreifikerfis í geymslusvæðinu, en afgangurinn fór að mestu vegna heimtauga í Hafnarfirði, Álftanesi og í Garðabæ.

Samtals voru tengdar 67 heimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu, sem skiptist þannig að aðalheimtaugar voru 55 og vinnuheimtaugar 12. Nýjar heimtaugar hafa ekki verið færri í áratugi, en þegar þær voru flestar, árið 2007 voru heimtaugar samtals 507.

Lokið var að mestu við uppsetningu á nýjum GSM stýringum í dreifistöðvar vegna stýringu á götulýsingu. Nýja stýringin gefur möguleika á að fá boð frá dreifistöðvum ef bilun á sér stað í dreifistöð, eða háspennustrengjum, sem liggja að dreifistöðvunum, en það getur stytt verulega tímann sem það tekur að koma rafmagni á aftur þegar bilun verður.

Rekstrartruflanir

Rekstrartruflanir á 12 kV kerfinu í Hafnarfirði voru tvær árið 2010. Allt Hafnarfjarðarsvæðið varð straumlaust þann 16. febrúar kl. 16:23 vegna mistaka sem áttu sér stað í stjórnstöð Landsnets. Straumur var aftur kominn á allt svæðið eftir 11 mínútur, eða kl. 16:34. Seinni truflunin varð 12. júní kl. 22:22 þegar háspennurofi sló út i aðveitustöðinni við Öldugötu. Straumlaust varð í norðurbænum ásamt svæðunum við Sólvang og Álfaskeið. Rafmagn var aftur komið á hjá öllum kl. 22:55. Ekki fannst nein ástæða fyrir útleysingunni, en ástæðan gæti legið í varnarbúnaði fyrir strengina.

ÁRBORG

Dreifing lágspennu og háspennu

Engar nýlagnir í götur áttu sér stað á árinu þar sem nægilegt magn af fullbúnum götum er til staðar. 11 nýjar veitur voru tengdar á árinu ásamt því að heimtaugar í nokkrum húsum voru endurnýjaðar og endurlagðar. Skammtímatengingar á árinu voru fjórar.

Allur lágspennubúnaður í dreifistöð 80023 við Langholt var endurnýjaður. Í dreifistöð 80001 var skipt um háspennurofa og sett gasrofasett. Þar var einnig skipt um spenni, sem var stækkaður úr 500 kVA í 1000 kVA. Lágspennubúnaður í dreifistöð 70002 við Háeyrarvelli á Eyrabakka var allur endurnýjaður og lagður var stofnstrengur 4x240q 270 m að tjaldstæðahverfinu á Selfossi og það fært yfir á 400 V kerfi, var á 230 voltum áður.

Ný stofnstrengjalögn 4x240q var lögð að gámasvæðinu á Selfossi vegna aukinnar rafmagnsnotkunar á svæðinu. Farið var í allar dreifistöðvar og gengið á alla spenna og þeir festir betur niður en það sýndi sig í jarðskjálftanum 2008 að fyrri frágangur nægði ekki.

Þessa dagana er verið er að skipta út skápum sem eru með ósnertivörðum búnaði og nýr snertivarinn búnaður settur í staðinn. Ýmsar lagfæringar hafa verið gerðar samkvæmt ábendingum frá Skoðunarstofu.

Rekstrartruflanir

Ein bilun varð á háspennustreng og fór út um 1/3 hluti af Selfossi að kvöldi til, þá varð straumlaust í u.þ.b. eina klukkustund. Málið var leyst til bráðabirgða með hringtengingu. Aðrar bilanir voru smávægilegar og í heildina virðist dreifikerfið vera gott og þægilegt í rekstri.

Rafmagnið var tekið af 20 MVA spenni í aðveitustöð fyrir Árborgarsvæði og gerðar mælingar á spenninum þar sem grunur lék á að bilun hafi orðið á honum eftir jarðskjálftana 2008. Hann reyndist vera í lagi en verður áfram undir eftirliti.

VESTMANNAEYJAR

Dreifing háspennu

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á dreifistöðvum vegna skoðunar. Í dreifistöð 90023, Eyjabergi, var komið fyrir nýjum spenni og aflrofa vegna stækkunar á heimtaug í 900A fyrir frystihúsið Godthaab í Nöf. Klárað var að ganga frá lágspennutöflum í tvær dreifistöðvar vegna kWh-mælingar fyrir götuljós. Skipt var um hurð og loftristar á einni stöð. Í dreifistöð 90003, Bessastíg, var klárað að ganga frá umhverfi, það hellulagt og tyrft. Endurnýjaður var háspennustrengur frá dreifistöð 03, Bessastíg, að 00, Kyndistöð.

Á næsta ári þarf að byggja upp lágspennufellt í einni dreifistöð, þar sem nú er gamalt og úrelt efni. Þá þarf að skipta út háspennufelltum í tveimur dreifistöðvum. Athugasemd hefur komið á þessar dreifistöðvar frá Skoðunarstofu. Vegna uppbyggingar hjá Ystakletti er stækkun á heimtaug í 600 A. Klæða þarf eina dreifistöð að utan og ganga frá þaki á tveimur vegna raka. Skipta á út spenni í aðveitustöð 2 og ganga frá rofum til að geta keyrt aðveitustöð 1 og aðveitustöð 2 saman eða í sitt hvoru lagi.

Dreifing lágspennu

Endurnýjaðar voru raf-, stofn- og heimlagnir á Heiðarvegi, alls 16 hús milli Bessastígs og Kirkjuvegar, og þeim spennubreytt. Einnig voru raf-, stofn- og heimlagnir á 9 húsum á Hólagötu endurnýjaðar.

Nýframkvæmd í gatnalýsingu voru 3 staurar austan við Hamarsskóla, nýr vegur við Áshamar 75 var lýstur upp með 11 staurum og 6 staurar voru reistir á Kleifum. Klárað var að ganga frá raflögn í vatnsveituhúsi á Skansi og lagðar nýjar lagnir að rennslismælum.

Talsverð vinna var við tengingar á dælum og rennslismælum fyrir hita- og vatnsveitu.

Í vélasal voru tengdir hita- og smurþrýstingsskynjarar inn á vélar og þeir tengdir skjámyndakerfinu.

Skipt var um 11 götuskápa víða um bæinn. Unnið var að endurnýjun gatnalýsingar. Aðallega voru útskipti á gömlum lömpum þar sem hús og búnaður voru farin að tærast og ryðga. Hluta af þeim lömpum sem voru teknir niður var hægt að endurnýja. Ein bilun varð á heimtaug og lagðar voru sex nýjar heimtaugar á árinu, tvær af þeim voru 200 A, ein 300 A og ein 900 A. 86 sölumælar vorur endurnýjaðir á árinu.

Í lágspennukerfi stendur til að halda áfram með endurnýjun gamalla olíustrengja og götukassa og ganga frá lýsingu á Bárugötu, milli Ísfélags og Miðstöðvar, einnig austast á Eiði.

Rekstrartruflanir

Bilanir á dreifikerfinu voru í lágmarki og engin bilun í háspennudreifikerfi. Það voru nokkrar minni truflanir sem höfðu útkall í för með sér. Þar af voru aðallega útköll vegna straumleysis hjá notendum vegna bilunar í búnaði þeirra. Einnig urðu truflanir á götuljósum vegna ákeyrslu og bilana á strengjum sem olli ljósleysi.

Notkun hitaveituvatns

Vatnsmagn frá orkuveri 2010 var 11.500.122 tonn sem er um 0,134% aukning frá árinu áður og um 50,2% aukning frá 1998. Framleiðsla varmaorku var 637,9 GWst og mesta orkuframleiðsla einstaks mánaðar var í desember eða 65,2 GWst. Mesta framleiðsla í tonnum var í desember eða 1.112.155 tonn. Hámarks framleiðsla í orkuveri var í viku 51 eða um 425 l/s að meðaltali þá vikuna, en hámarksálag einstakan dag var 23. desember eða 101,54 MW í varma.

Vatnsnotkun að Vallarbyggð var 1.622.092 tonn sem er minnkun um 367 þúsund tonn eða um 23% milli ára, sem skýrist af minnkandi umsvifum og brotthvarfi Varnarliðsins. Orkunotkun var um 88,1 GWst sem er minnkun um 18%. Þá er meðal hitastig á bakrennslisvatni um 15,2°c lægra nú en 1998, þ.e. betri nýting er nú á framrásarvatni.
Mest orkunotkun var í janúar um 8,69 GWst. Hámarksálag einstakan dag var 12. febrúar 15,7 MW í varma. Vatnsnotkun að Vallarbyggð er nú um 40% af því sem hún var 1998.

Vatnsnotkun í byggðunum, frá dælustöð Fitjum, var 9.582.243 tonn sem er aukning frá síðasta ári um 234 þúsund tonn eða um 2,5%. Hámarksálag var 24. desember eða 74,56 MW í varma. Vatnsnotkun í byggðum, frá dælustöð Fitjum, var 9.459.304 tonn sem er minnkun frá síðasta ári um 123 þúsund tonn eða um 1,3%.
Vatnsnotkun til Grindavíkur var 1.737.673 tonn sem er aukning um 2,1% milli ára og er hún nú um 49,7% meiri en 1998.

Vatnsnotkun að flugstöðvarsvæði var 455.723 tonn sem er um 1,68 % aukning milli ára, en vatnsnotkun að flugstöðvarsvæði er nú um 48% meiri en 1998.
Heildarframleiðsla hitaveituvatns HS hf frá upphafi er nú um 251,8 milljón tonn sem jafngilda um 16.767 GWst. Engar marktækar breytingar hafa komið fram á efnasamsetningu upphitaða vatnsins (hitaveituvatns) sem hitaveitan dreifir um Suðurnes frá orkuverum í Svartsengi.

Orkuöflun hitaveitu í Eyjum

	2010 kWst	2010 %	2009 kWst	2009 %	Breyting %
Raforka	62.081.960	87,67%	59.312.392	87,27%	4,67%
Sorpeyðingarstöð	4.359.790	6,16%	3.836.712	5,65%	13,63%
Olía	1.330.950	1,88%	1.298.650	1,91%	2,49%
Grunnolía	203.200	0,29%	736.000	1,08%	-72,39%
Orka, FES	1.158.956	1,64%	1.174.550	1,73%	-1,33%
Orka, FIVE	1.678.450	2,37%	1.604.443	2,36%	4,61%
	70.813.306	100%	67.962.747	100%	4,19%

Vatnsdeild

SUÐURNES

Hitaveita

Á árinu voru lagðir um 0,4 km af dreifikerfi. Lengd dreifikerfisins er nú um 378 km. Í Reykjanesbæ var lögð stofnæð frá Bolafæti að Asparhlíð, 350mm pípa, lengd 1,6 km. Pípulengd aðveitu- og stofnæða er um 54 km. Lengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis er um 432 km. Lagt var inn í 26 hús á árinu, en 5 hús voru aftengd. Inntökum fjölgaði því um 21 á árinu, mest í Njarðvík en þar fjölgaði um 15 inntök. Fjöldi inntaka í árslok var 6.345. Helstu verkefni voru: Reykjanesbær; stofnæð Bolafótur-Asparhlíð 350mm pípa og tenging 15 húsa. Grindavík; tenging 8 húsa.

Ýmsar upplýsingar varðandi rekstur 2010

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum.

	Reykjanes-bær	Grinda-vík	Sand-gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir	10.290	3.074	0	0	797	0	14.161
Rúmmál tengdra húsa - annað	11.566	7.301	0	0	0	0	18.867
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir	0	0	0	0	0	0	0
Rúmmál aftengdra húsa - annað	0	0	-6.858	0	0	0	-6.858
	21.856	10.375	-6.858	0	797	0	26.170
Sala um mæla húsh.(m³)	363.373	181.946	519.093	83.377	26.235	5.536	1.179.560
Sala til sundlauga (m³)	197.164	102.256	88.402	51.176	31.196	0	470.194
Sala um mæla iðn.not(m³)	85.995	118.518	42.610	13.458	10.274	0	270.855
Sala til sérstakra iðn.nota (m³)	10.282	33.310	0	151.879	20.182	13.121	228.774
	656.814	436.030	650.105	299.890	87.887	18.657	2.149.383
Sala á ferskvatni (m³) *	728.450	1.206.627	565.369	344.835	482.815	0	3.328.096
Sala um hemla 1.1.2010 l/m	14.046	3.253	1.877	1.516	1.151	118	21.961
Sala um hemla 31.12.2010 l/m	13.834	3.199	1.827	1.512	1.132	118	21.622
Viðbætur 2010 %	-1,51%	-1,66%	-2,66%	-0,26%	-1,65%	0,00%	-1,54%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði.

** Í Reykjanesbæ og Garði er bæði um „sölu" og „notkun" að ræða eftir kaup HS á vatnsveitum bæjanna. Flugvöllur er þar einnig meðtalin.*

Verkefni við að færa aðra notkun en upphitun íbúðarhúsnæðis af hemlum yfir á rennslismæla var sett í gang á árinu. Um níuhundruð rennslismælar verða settir upp í stað hemla. Þetta verkefni var langt komið í árslok.
Nýjum grindum fjölgaði mest í Reykjanesbæ, en þar fjölgaði grindum um 20. Rennslismælum fjölgaði um 805, en hemlagrindum fækkaði um 807. Í árslok voru hemlar 5.908 og rennslismælar 1.048 eða samtals 6.956.
Gerðar voru 5.138 verkbeiðnir, flestar vegna notendaskipta 2.167, vegna ýmissar þjónustu hitaveitu 1286 og breytingar á vatnsskammti 212. Á árinu voru 1.989 grindur skoðaðar sem er 29% af heildarfjölda grinda, en þær voru alls 6.956 í árslok. Í lagi reyndust 923 grindur eða 47% skoðaðra grinda. Bilanir í kerfi húseigenda reyndust vera 152.
Af öðrum verkefnum má nefna eftirlit með aðveitu- og stofnæðum, eftirlit og viðhald brunna og útloftana.

Kalt vatn

Á árinu var lögð aðveituæð fyrir Garð 315mm pípa frá Sandgerðisvegi, með hitaveituæð að Árnarétt, alls um 3,4 km. Lagðir voru um 0,35 km dreifikerfis og tengd 18 hús í Reykjanesbæ, en aftengd 2 hús á Keflavíkurflugvelli. Í árslok voru kaldavatnsheimæðar 4.552, í Reykjanesbæ 3.664, í Garði 567 og á Keflavíkurflugvelli 321. Síðari hluta ársins hófst vinna við endurnýjun pípulagna og rafmagns í dælustöðinni við Árnarétt, Garði. Þessu verki mun ljúka á fyrstu vikum ársins 2011. Í dælustöð Grænási var endurnýjað húsarafmagn og í árslok hafin endurnýjun iðntölvu sem mun ljúka á árinu 2011. Þá voru aftengd og rifin dæluhús á Patterson. Geymir á Eyjavöllum var háþrýstiþveginn að utan og gert við steypuskemmdir. Endurnýjaðar voru klæðningar á borholuhúsi við dælustöð við Árnarétt. Götulögn var endurnýjuð að hluta í Hlíðarvegi í Njarðvík. Unnið var við málun brunahana á Keflavíkurflugvelli.
Unnið var við viðhald á 52 heimæðum, þar af í Keflavík 27, í Njarðvík 10, í Garði 5 og á Keflavíkurflugvelli 10.

Flugvallar svæði	Samtals	Vestmanna-eyjar	Samtals
0	14.161	0	14.161
0	18.867	0	18.867
0	0	0	0
-10.028	-16.886	0	-16.886
-10.028	16.142	0	16.142
174.998	1.354.558	1.860.690	3.215.248
0	470.194	62.780	532.974
0	270.855	0	270.855
0	228.774	0	228.774
174.998	2.324.381	1.923.470	4.247.851
350.765	3.678.861	1.344.195	5.023.056
4.492	26.453	0	26.453
4.218	25.840	0	25.840
-6,10%	-2,32%	0,00%	-2,32%

VESTMANNAEYJAR

Hitaveita

Tvö hús tengdust hitaveitunni á árinu og eitt hús aftengt vegna niðurrifs. Sjö bilanir urðu á árinu. Um var að ræða tærð rör vegna þess að krumpun misfórst í flest öllum tilfellum. Farið var í skipulega lekaleit og gekk hún vel. Eitt rafkynt hús skipti úr rafkyndingu í hitaveitu á árinu.
Töluvert var um mælaskipti á árinu. Öllum mælum uppsettum á árunum 1997 og 1998 var skipt út. Mælar sem settir voru upp árið 2000 voru sendir í prófun hjá Frumherja og stóðust ekki prófun. Samið var við GP pípulagnir ehf um mælaskipti á mælum sem voru settir upp árið 1999 og hófst sú vinna á árinu.

Gert var við nokkur inntök eins og undanfarin ár. Ekki er um skipulagt viðhald að ræða, heldur gert við þegar þurfa þykir. Töluverð vinna var við viðhald á hitaveitubrunnum á árinu. Gert var við rör og þenslur ásamt því að skipta um lofttúður og stiga. Á árinu var tekið í notkun DMM eftirlits- og viðhaldskerfi

Breytingar í dreifikerfi 2010

Hitaveitudeild

	Dreifikerfi			Inntök		
Staður	Lengd 31.12.´09 metrar	Viðbætur 2010 metrar	Lengd 31.12.´10 metrar	Fjöldi 31.12.´09 stk.	Viðbætur 2010 stk.	Fjöldi 31.12.´10 stk.
Keflavík	91.612	1	91.613	2.125	1	2.126
Grindavík	50.819	161	50.980	945	8	953
Njarðvík	75.722	207	75.929	1.436	15	1.451
Sandgerði	34.188	6	34.194	565	0	565
Garður	31.356	-98	31.258	534	-1	533
Vogar o.fl.	20.138	5	20.143	369	1	370
Hafnir	3.189	0	3.189	48	0	48
Keflavíkurflugvöllur	64.000	-294	63.706	281	-3	278
Flugstöðvarsvæði	6.896	0	6.896	21	0	21
Vestmannaeyjar	105.500	100	105.600	1.462	1	1.463
Samtals	483.420	88	483.508	7.786	22	7.808

Heildarlengd á pípum í kerfinu er nú um 484 km. Í Vestmannaeyjum, á Keflavíkurflugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi, einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispípur 6.286 metrar.

Hemlar og mælar, breytingar 2010

Hitaveitudeild

	Hemlar				Mælar			
	Fjöldi 31.12.´09 stk.	Breyting 2010 Mælar í stað hemla* stk.	Nýtengingar/ aftengingar stk.	Fjöldi 31.12.´10 stk.	Fjöldi 31.12.´09 stk.	Breyting 2010 Mælar í stað hemla* stk.	Nýtengingar/ aftengingar stk.	Fjöldi 31.12.´10 stk.
Keflavík+Njarðvík	3930	-440	18	3508	96	433	2	531
Grindavík	946	-116	2	832	61	106	3	170
Sandgerði og Flugstöðvarsvæði	596	-81	0	515	37	82	0	119
Garður	560	-47	0	513	18	45	0	63
Vogar	374	-23	1	352	10	22	0	32
Hafnir	47	-4	0	43	3	4	0	7
Keflavíkurflugvöllur	262	-114	-3	145	13	113	0	126
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	1.453	0	7	1.460
Samtals	6.715	-825	18	5908	1.691	805	12	2.508

* Rennslismælar settir upp í fyrirtæki í stað hemla

brunna. Allir brunnar settir inn í kerfið og byrjað á úttektum og viðhaldi samkvæmt DMM.
Tvisvar var farið inn í rafskautaketilinn og skipt um skaut, en skautin voru mjög brunnin. Einnig var skipt um einangrara í eitt skipti. Á árinu lá fyrir úttektarskýrsla af fagaðila um ástand spennis. Kom í ljós að spennirinn er ónýtur. Vonandi er þar komin skýring á þessum miklum bilunum í rafskautakatli, sem felst í mismunandi straumtöku á fasa og þar af leiðandi bruna á skautum. Ákveðið var að kaupa nýjan spenni og hófst undirbúningsvinna á haustdögum. Búið er að panta spenni, teikna stækkun spennistöðva ásamt annarri undirbúningsvinnu við tengingu. Seinkun var sett á útslátt háspennurofa sem gerði það að verkun að rafskautaketill sló ekki eins oft út, þegar „blikk" kemur á raforkukerfið ofan af landi.

Plötur varmaskipta voru sendar í rannsókn vegna lélegrar endingar. Kom í ljós eftir þá rannsókn að plöturnar sem eru úr sýruheldu ryðfríu stáli AISI 316 þola ekki gufuhitann þótt framleiðandi fullyrði það. Sprungur koma í plöturnar við gufugatið. Keypt var því nýtt plötusett í VP2 & VP3 úr títanblöndu.
Skorsteinar nr. 2 og 3 voru lagfærðir. Voru þeir skornir niður, skipt um innra byrði úr ryðfríu stáli, skipt um einangrun, nýr ryðfrír hattur, ytra byrði endurnýjað og málaður með endingagóðri málningu. Skipalyftan sá um framkvæmd.
Tekið var á móti 44,5 tonnum af úrgangsolíu og 12,7 tonn brennd af grunnolíu.

Verkfræðistofan Alta gerði fýsileikakönnun á hagkvæmni þess að koma upp 3MW sjóvarmadælu fyrir hitaveituna. Niðurstaðan var mjög jákvæð og ákveðið að halda áfram með verkefnið. Í lok árs kom bréf frá Landsvirkjun þar sem samningi um ótrygga orku var sagt upp frá og með 1. júlí 2011. Viðræður við Landsvirkjun munu fara fram á nýju ári um kaup á ótryggri orku. Með hækkandi verði á ótryggri orku verður rekstur sjóvarmadælu enn hagstæðari miðað við núverandi rekstur á rafskautakatli. Verkfræðistofan Verkís mun koma að þessu verkefni á nýju ári og vonandi tekst að klára alla undirbúningsvinnu á árinu 2011.

Í byrjun júní komu til Eyja tveir jarðfræðingar frá HS Orku og tveir jarðfræðingar frá ÍSOR til skrafs og ráðagerða um framtíð jarðhitaleitar í Vestmannaeyjum. Á fundinum var farið yfir skýrslu ÍSOR um niðurstöðu borunar á holu HH-08 á Haugasvæði. Niðurstaða fræðinganna eftir þennan fund var að mjög litlar líkur eru á því að hægt sé að finna heitt vatn/sjó í því magni að hægt sé að kynda upp bæinn. Jarðlög séu af þeirri

gerð að sáralítil lekt sé í bergi ásamt öðrum jarðfræðilegum ástæðum sem valda því. Verður því ekki meiri vinnu eða fjármunum eytt í rannsóknir og borun að sinni.

Kalt vatn

Þrjár bilanir urðu á stofnæð á landi á árinu. Um var að ræða smávægilegar bilanir. Unnið var við að styrkja varnargarð upp sandinn frá dælustöð með því að raða heyböggum á þá staði sem líklegastir voru til að gefa eftir í miklu vatnsveðri. Gert var við girðingu við vatnslindir.

Vegna eldgoss í Eyjafjallajökli var varavatnsból komið fyrir í Álunum. Stórum tanki var komið fyrir sem búið var að bora út að neðan með 400-500 götum. Jarðvatn lekur í tankinn og þá var mögulegt að dæla beint inn á aðveituna. Hægt er að dæla úr tanknum þrátt fyrir öskufall. Tilraunadælingar standa yfir og gefa góða raun um að hægt sé með þessu móti að ná í 10-30 l/sek. Brunahana var komið upp á aðveituna sem nota á í eldsvoðum og náttúruhamförum. Brunahaninn er læstur til að koma í veg fyrir misnotkun.

Tengt húsnæði 31.12.2010

	Íbúðaðarhúsnæði m³	Annað m³	Alls m³	%	l/mín	Íbúafjöldi 31.12.10	%	Tonn húshitun
Reykjanesbær	2.496.877	1.304.898	3.801.775	60,42%	13.834			363.373
Hafnir	19.663	1.522	21.185	0,34%	118			5.536
	2.516.540	1.306.420	3.822.960	60,76%	13.952	0	0,00%	368.909
Grindavík	497.849	369.194	867.043	13,78%	3.199	2.837	39,03%	181.946
Sandgerði	282.299	165.726	448.025	7,12%	1.827	1.710	23,53%	0
Sandgerði - Flugvallarsvæði	0	532.210	532.210	8,46%	0	0	0,00%	519.093
	282.299	697.936	980.235	15,58%	1.827	1.710	23,53%	519.093
Garður	275.832	78.310	354.142	5,63%	1.512	1.515	20,84%	83.377
Vogar	198.552	69.062	267.614	4,25%	1.132	1.206	16,59%	26.235
Alls	3.771.072	2.520.922	6.291.994	100,00%	21.622	7.268	100,00%	1.179.560
Varnarsvæðið	643.486	1.143.132	1.786.618		4.218			174.998
Alls	4.414.558	3.664.054	8.078.612		25.840	7.268		1.354.558
Vestmannaeyjar	397.247	293.746	690.993		0	4.135		1.860.690
Alls	4.811.805	3.957.800	8.769.605		25.840	11.403		3.215.248

Vegna eldgoss í Eyjafjallajökli var komið upp pH mæli, leiðnimæli og hitamæli á Skansinum til að mæla stöðugt gildi og vista í skjámyndakerfi HS Veitna. Sá starfmaður HS Veitna í landi um þessar mælingar og voru sýni tekin úr aðveitu við gömlu Markarfljótsbrúna. Átta undirstöður undir dælustöð Landeyjasandi voru steyptar upp á árinu. Höfðu undirstöðurnar látið á sjá vegna sandfoks. Hleypt var á vatni til Landeyjahafnar.

Djúptækni ehf sá um að mynda nýju 8 tommu neðansjávarleiðsluna á vordögum. Farið var yfir myndirnar með eftirlitsmanni, Sigurði Óskarssyni kafara. Samkvæmt myndunum kom leiðslan vel undan vetri. Eini staðurinn sem huga þarf að er landtakið í Eyjum. Efnisflutningar og straumar meðfram Skansfjöru hafa áhrif á leiðsluna. Til stendur að verja leiðsluna á ca. 20 metra kafla vorið 2011. Í nóvember 2010 var landtakið svo sérstaklega myndað aftur.

Stofnæð Heiðarvegi, frá Bessastíg að Kirkjuvegi sem var asbestlögn, var aflögð og ný plastleiðsla DN 225 lögð í staðinn. Einnig var lögð plastleiðsla DN 110 meðfram DN 225 og allar heimæðar aftengdar stofnæð og tengdar DN 110 leiðslunni. Hún var síðan lögð alla leið inn í Kyndistöð þar sem möguleiki er að tengja hana efra dreifikerfi til að fá meiri þrýsting.

Viðhaldsdeild

Eins og áður eru starfsmenn viðhaldsdeildar þrír, viðhaldsstjóri og tveir trésmiðir. Þeir sinna viðhaldsverkefnum bæði fyrir HS Veitur og HS Orku og voru verkefni fjölbreytt eins og undanfarin ár. Deildin hefur umsjón með og annast viðhald mannvirkja fyrirtækisins en þau helstu eru aðveitustöðvar, dreifistöðvar, dælustöðvar og miðlunargeymar, birgðageymsla í Reykjanesbæ og skrifstofu- og birgðageymsla og tækjageymsla í Hafnarfirði. Vinnusvæði deildarinnar hefur í seinni tíð teygt sig til Hafnarfjarðar, Álftaness, Garðabæjar og Árborgar.
Verkstjóri viðhaldsdeildar hefur umsjón með og annast samskipti við verktaka vegna viðhaldsverka og annarra verka er deildin sér um.
Starfsmenn deildarinnar hafa undanfarin ár séð um árlegt eftirlit með aðveitu- og dreifistöðvum. Farið er einu sinni á ári í kerfisbundna yfirferð til þrifa, eftirlits og mælinga í allar stöðvarnar sem eru alls 446 talsins á þessu svæði, 16 aðveitustöðvar og 430 dreifistöðvar. Niðurstöður eru notaðar til úrvinnslu við viðhald eignanna og skipulagningu þeirra.

Endurnýjuð var plastleiðsla DN110 á Hólagötu milli Kirkjuvegar og Höfðavegar. Margar bilanir hafa orðið þarna á undanförnum árum vegna lélegrar jarðvinnu þegar leiðslan var lögð á sínum tíma.

Þrjár bilanir urðu á árinu. Tekin voru regluleg sýni úr vatnsveitunni ásamt einni heildarrannsókn sem fram fór í Svíþjóð. Útkoman var góð, öll sýni voru fullkomlega heilnæm. Á árinu hófst innleiðing DMM kerfis fyrir vatnsveituna. Allt viðhald og eftirlit brunahana og dælustöðva er komið inn í kerfið.

Töluvert var um mælaskipti á árinu. Einnig voru 32 mælar teknir niður sem voru settir upp árið 2000 og sendir í prófun hjá Frumherja. Mælarnir stóðust ekki prófið og liggur fyrir að skipta þurfi út öllum rennslismælum sem settir voru upp árið 2000. Aðeins minna vatn rann/var dælt til Vestmannaeyja á árinu miðað við árið 2009, munar þar 1,3%.

Unnið var við lagfæringar og endurbætur á fjölmörgum dreifi- og aðveitustöðvum á veitusvæðunum og þannig haldið áfram vinnu er verið hefur í gangi undanfarin ár.
Veggjakrot og málningarslettur eru vaxandi vandamál og er unnið kerfisbundið að hreinsunum og að því að reyna að koma í veg fyrir slíkt.
Í birgðageymslu í Njarðvík voru gerða endurbætur á hleðsluherbergi fyrir lyftara og kaffistofu, innréttingar lagfærðar, vatnslagnir endurnýjaðar, málað, gert var við gólf á geymslusvæði og það málað, nokkrar útihurðir lagfærðar og einni vöruhurð skipt út.
Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi þau verk sem starfsmenn viðhaldsdeildar hafa unnið að á árinu enda erfitt að gefa tæmandi yfirlit en enginn skortur hefur verið á verkefnum.

Innkaupa- og birgðadeild

Erlendum pöntunum fjölgaði lítillega en verðmæti innflutnings minnkaði þó nánast um helming. Á árinu 2009 var fluttur inn körfubíll fyrir starfsstöð fyrirtækisins í Hafnarfirði sem kostaði um 20 m.kr. og skýrir þessa breytingu.
Innlend innkaup jukust hins vegar nokkuð eins og sjá má á eftirfarandi töflu. Starfsemin í birgðageymslum var með svipuðu sniði og áður.

Tíu útboð voru auglýst á árinu, sjö verkútboð og þrjú innkaupaútboð. Boðin voru út innkaup á heitavatnsmælum, kaldavatnsdælum og 20 MVA spenni fyrir kyndistöð í Vestmannaeyjum. Verkútboðin voru lagning 2. áfanga af nýrri stofnæð í Keflavík og Njarðvík, uppsetning heitavatnsmæla, endurnýjun kaldavatnslagna í Hlíðavegi í Njarðvík, ný kaldavatnslögn við Garðbraut í Garði, ný kaldavatnsstofnlögn fyrir Garðinn og tvö útboð vegna endurnýjunar á kaldavatnsdælustöð í Garði, þ.e. pípulagnir og uppsetning raf- og stjórnbúnaðar.
Birgðageymslur fyrirtækisins eru fjórar þ.e. í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Árborg. Birgðaverðir í fullu starfi eru fjórir og tveir í hlutastarfi auk birgðastjóra sem starfar við hlið innkaupastjóra. Þrír birgðaverðir starfa í Reykjanesbæ auk birgðastjóra og sjá þeir einnig um geymslur HS Orku á Reykjanesi og Ásbrú og leysa af eftir þörfum í Hafnarfirði og hjá HS Orku í Svartsengi.

Á árinu 2009 var unnið að endurskipulagningu á öllu fyrirkomulagi í birgðageymslunni í Reykjanesbæ, bæði utanhúss og innan ásamt hreinsun og tiltekt. Vinnu þessari var fram haldið á árinu og er að mestu lokið.

Heildarvirði birgða HS Veitna í upphafi árs var um 303 m.kr. en lækkaði um 16% á árinu og var um 254 m.kr. í lok árs. Á tveimur árum hefur tekist að draga verulega úr birgðum og lækka birgðavirði um tæp 40% en það var um 436 m.kr. í byrjun árs 2009. Stefnt er að því að minnka birgðir enn frekar eins og kostur er án þess þó að það hafi áhrif á rekstraröryggið.
Birgðatalning var framkvæmd í desember í öllum birgðageymslum og talið úrtak valið af handahófi og reyndust frávik óveruleg. Ráðgert er, til að tryggja sem best rétta skráningu birgða, að framvegis verði framkvæmda litlar úrtakstalningar mánaðarlega í öllum birgðageymslum og umfang desembertalningar ráðist af niðurstöðum þessara talninga en hún verði þó ætíð umfangsmeiri. Með nokkurra ára millibili verði svo gerð heildartalning í nóvember/desember.
Starfsemi innkaupastjórahóps Samorku, sem HS Veitur eiga fulltrúa í, var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Engin ný útboð voru auglýst á árinu en í gildi eru samningar um kaup á jarðstrengjum, götuljósum, götuljósastaurum og perum sem eru þær vörur sem hópurinn hefur haft samvinnu um útboð á. Ákveðið var að framlengja ekki samning um ljósaperukaup og var í lok árs hafinn undirbúningur á nýju útboði.

Innkaup

	Erlend innkaup						Innlend innkaup	Birgðageymslur	
Ár	Fjöldi pantana	Fob-verð m.kr.	Aðfl.gjöld m.kr.	Flutn.kostn. m.kr.	Tryggingar m.kr.	Samtals m.kr.	Fjöldi pantana	Fjöldi afgreiðslna	Afgreiðslur pr. mán.
2009.....	11	37,4	0,7	2,0	0,1	40,2	470	4.529	377
2010.....	16	20,9	1,4	1,6	0,1	24,0	600	4.651	388

Upplýsingasvið

Árið hefur gengið sinn vanagang í önnum og uppákomum eins og gjarnan vill verða þegar í mörg horn er að líta. Gangsetning orkureikningakerfisins hefur eins og búist var við tekið nokkuð stóran hluta af starfsframlagi starfsmanna sviðsins. Kerfið er nú orðið nokkuð slípað og eru starfsmenn fyrirtækisins óðum að komast uppá lag með vinnu í kerfinu.
Gerðar hafa verið allnokkrar skýrslur sem nota SQL Reporting Services sem fylgir SQL gagnagrunninum og vinnur á honum. Mikill munur er á því aðgengi sem við höfum að gögnum í nýja orkureikningakerfinu miðað við eldra kerfið sem við notuðum, bæði beint innan Axapta og ekki síst með því að nýta þetta skýrslutól.
Fyrirtækið hefur einnig tekið upp samvinnu við Motus á árinu og gerðar hafa verið breytingar og aðlaganir á kerfinu til að tengjast þeim með vefþjónustum til að létta samvinnuna á milli fyrirtækjanna. Þessi samvinna hefur verið að þróast og breytast eftir því sem liðið hefur á árið.

Gæðamál

Mikil gróska hefur verið í gæðastarfi innan fyrirtækisins á árinu. Bæði hefur verið unnið ötullega að Rekstrarhandbók og einnig voru nokkur gæðaverkefni í gangi.
Rekstrarhandbók HS hefur það hlutverk að hýsa allar verklagsreglur, vinnulýsingar, eyðublöð og önnur nytsamleg skjöl sem skjalfest eru hjá fyrirtækinu. Auðvelt er að nálgast nýjustu eintök af skjölum á innra neti HS en bókin er aðgengilega öllum starfsmönnum HS. Flest skjöl sem tengjast dreifingu eru tengt öryggisstjórnun rafveitunnar og er sá hluti Rekstrarhandbókar orðinn vel virkur. Kynningar fyrir starfsmenn rafmagnsdeildar voru haldnar síðastliðið sumar. Einnig er vinna í gangi í vatnsdeild tengd Gámes og Innra eftirlit og standa vonir til að þeirri vinnu ljúki fljótlega svo hægt sé að kynna starfsmönnum kerfið. Nokkur vinna hefur einnig verið við skjöl sem tengjast öryggismálum, skjalastjórn og almennum málum sem tengjast þvert á starfsemina.

Nokkur umbótaverkefni hafa verið í vinnslu þetta árið og ber helst að nefna verkefni 42, Stöðlunarhandbók götuskápa sem fór af stað í rafmagnsdeild sl. vor og var tilgangur þess að gera heildstæða gátlista/vinnulýsingu sem lýsa verklagi við uppsetningu, vinnu og viðhaldi á götugreiniskápum. Gert er ráð fyrir að nýta lærdóminn úr þessu verkefni fyrir vinnu við annan búnað í rafmagnsdeild. Verkefni 44, Skráning og skipulag muna fór af stað í nóvember og var tilgangur hópsins að skrásetja og merkja málverk, myndir og muni í eigu HS og eru í skrifstofuhúsnæðinu á Brekkustíg á svipaðan hátt og bækurnar okkar eru skráðar ásamt því að koma með tillögur að ásýnd húsakynna okkar og hvernig við viljum ganga um þau. Einnig hefur verið unnið í umbótahópum í tengslum við Rekstrarhandbókina.

Skjalastjórnun

Framtíðarsýn HS Veitna hf er að öll skjöl fyrirtækisins verði aðgengileg á rafrænum formi á miðlægum upplýsingakerfum árið 2012. Með innleiðingu skjalastjórnunar styrkir fyrirtækið innra starf og stoðir gæða- og öryggismála hjá fyrirtækinu. Meginmarkmið skjalastjórnunar eru að einfalda aðgengi að gögnum sem sparar tíma fyrir starfsmenn og uppfyllir ýmis lagaleg skilyrði sem félaginu ber að uppfylla. Skjalastjórnun tryggir jafnframt öryggi gagna og þar með rekstrarsamfellu fyrirtækisins.

Undirbúningur að innleiðingu skjalastjórnunar hófst snemma árs 2008. Þá var farið í að skipuleggja verkefnið, vinna yfirgripsmikla úttekt í skjalamálum, búa til skjalalykla og geymslu- og grisjunaráætlun og móta skjalastefnu. Unnið hefur verið samkvæmt alþjóðlega skjalastjórnunarstaðalinum ISO 15489 og ISO 9001 um gæðastjórnun.

Mikil vinna fór í að fara yfir geymslur fyrirtækisins og skrifstofur einstakra starfsmanna, flokka gögn sem þar voru geymd, skrá þau og pakka. Geymslurnar eru nú komnar í gott horf. Nú er

Tekjur 2010

	Heitt vatn	Fersk vatn	Rafmagns-dreifing	Rafmagns-flutningur	Stofn-gjöld
Reykjanesbær	545.773	264.803	271.748	96.363	9.377
Keflavíkurflugvöllur	175.675	11.690	66.675	30.366	11.044
Grindavík	148.086	10.782	90.518	37.988	2.398
Sandgerði	120.035	5.163	80.182	40.637	1.022
Garður	70.143	23.529	34.752	14.940	437
Vogar	45.574	4.053	41.783	19.475	2.313
Flugstöðvarsvæði	0	0	0	0	18
Suðurnesjasvæði	0	0	0	0	14.883
	1.105.286	320.020	585.658	239.769	41.493
Hafnarfjörður	0	0	479.213	168.009	11.686
Garðabær	0	0	97.625	37.298	2.679
Álftanes	0	0	29.327	9.682	494
Hafnarfjarðarsvæði	0	0	0	0	3.506
	0	0	606.165	214.989	18.365
Selfoss	0	0	155.517	62.671	1.015
Eyrarbakki	0	0	9.907	3.502	191
Stokkseyri	0	0	9.873	3.221	95
Árborgarsvæði	0	0	0	0	2.119
	0	0	175.297	69.394	3.421
Vestmannaeyjar	260.039	94.132	157.170	94.085	2.755
Önnur svæði	8	39	-153	302	0
Tekjur alls	1.365.333	414.192	1.524.138	618.540	66.033
	32,39%	9,83%	36,16%	14,67%	1,57%

Önnur þjónustugjöld	Aðrar rekstrartekjur	Tekjur alls	%
21.953	35.164	1.245.181	29,54%
1.145	29.855	326.449	7,74%
5.946	-4.973	290.746	6,90%
3.387	165	250.592	5,95%
2.871	13	146.684	3,48%
1.740	553	115.491	2,74%
0	0	18	0,00%
0	4.174	19.057	0,45%
37.041	64.951	2.394.218	56,80%
33.440	15.035	707.382	16,78%
5.162	1.704	144.467	3,43%
1.279	260	41.043	0,97%
0	182	3.688	0,09%
39.881	17.180	896.580	21,27%
8.446	2.317	229.967	5,46%
16	269	13.886	0,33%
21	0	13.210	0,31%
0	123	2.242	0,05%
8.483	2.710	259.305	6,15%
7.144	19.847	635.173	15,07%
21.404	8.201	29.802	0,71%
113.953	112.889	4.215.078	100,00%
2,70%	2,68%	100,00%	

unnið að því að ganga frá skjalasafni Rafveitu Hafnarfjarðar sem mun fara í vörslu Þjóðskalasafns Íslands, en skjalasafn RH nær aftur til ársins 1938.

Allur bókakostur fyrirtækisins sem og skýrslur þess hafa nú verið skráðar á www.gegnir.is sem rekinn er af Landskerfum bókasafna hf. Nú geta þeir sem aðgang hafa að Gegni séð hvaða rit HS á en þau verða samt sem áður eingöngu til útláns fyrir starfsmenn. Bókasafnið er nú opið starfsmönnum á 1. hæð á Brekkustíg 36 en útlán fara í gegnum skjalastjóra. Skýrslusafnið er hins vegar staðsett á skrifstofu þróunarsviðs. Starfsmenn HS hafa nú einnig aðgang að millisafnaláni Gegnis og vert er að benda á að fjölmörg rit eru nú einnig aðgengileg á rafrænu formi hjá Gegni. Rafrænan aðgang að tímaritum má síðan finna á vefnum www.hvar.is. Á vormánuðum 2009 var settur saman starfshópur sem skoða átti rafræn skjalastjórnunarkerfi. Hópurinn fór mjög ítarlega yfir þau kerfi sem í boði eru hér á landi. Tæknimenn HS Orku ásamt skjalastjóra munu koma að uppsetningu kerfisins og samhliða verða útvaldir starfsmenn settir í prófunarhóp. Gert er ráð fyrir að það taki nokkurn tíma að stilla kerfið eins og við viljum hafa það. Á haustmánuðum muni svo allir starfsmenn fá kennslu í notkun kerfisins en rafrænt kerfi krefst þess að allir starfsmenn noti kerfið rétt.

Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál

Á síðasta starfsári var unnið áfram að gerð áhættumats starfa og vinna vegna heilstæðrar neyðaráætlunar er nú á lokastigi. Starfsleyfi fyrir ellefu stórar spenni- og aðveitustöðvar HS Veitna hf á Suðurnesjum voru útgefin af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja í apríl 2010. Leyfin eru veitt til 12 ára.

Öryggisnefnd er starfandi innan HS og hafa verið haldnir fimm fundir á árinu auk fjölmargra smærri funda um ÖHU mál. Öryggisvika var haldin í október sl. Hefð er innan fyrirtækisins að halda slíka viku á 3 ára fresti. Fjölmargir fyrirlestrar um öryggismál og heilsu voru haldnir bæði af starfsmönnum og gestafyrirlesurum. Innra starf í ÖHU-málum er í góðum farvegi.

Haldin er skrá yfir slys og atvik (nærri slys) sem verða hjá HS Veitum hf. Slys og atvik er skipt upp í þrjá flokka eftir alvarleika og fjarveru frá vinnustað.
Tegund 1= Atvik/slys án fjarveru
Tegund 2= Slys með 1-7 daga fjarveru
Tegund 3= Alvarleg öryggisslys með fleiri en 7 daga fjarveru
Samtals voru 6 slys/atvik tilkynnt, allt atvik sem flokkast sem nærri slys án tapaðra daga. Tvö atvik voru skráð sem frávik vegna rafmagnsöryggismála.

Engin slys urðu á árinu sem orsakaði fjarveru frá vinnu.
Þetta er mjög góður árangur og ber að þakka starfsmönnum HS Veitna hf fyrir árvekni og góðan árangur í öryggismálum árið 2010.

Fjöldi slysa og atvika



Fjöldi slysa og atvika eftir svæðum



Lykilstærðir í ársskýrslu 2010

Rafmagnsveita / Dreifing	Suðurnes Magn	Hafnarfjörður Magn	Eyjar Magn	Árborg Magn	Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700,0	163,0	13,3	159,0	1.035,3	km²
Íbúar á orkuveitusvæðinu	21.359,0	25.913,0	4.135,0	7.811,0	59.218,0	fjöldi
Heimtaugar	6.768,0	6.592,0	1.990,0	3.233,0	18.583,0	fjöldi
Veitur (mælitæki)	10.650,0	15.072,0	2.346,0	3.770,0	31.838,0	fjöldi
Veitur (mælitæki), afl ljósgjafa	1.316,0	1.245,0	221,1	311,3	3.093,4	kW
Fjöldi starfsmanna	62,0	19,0	15,0	4,0	3.193,4	stöðugildi
Fjöldi ársverka	20,0	20,0	7,0	4,0	51,0	ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafl	204,4	41,0	52,5	20,0	317,9	MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafl	119,2	123,0	28,4	27,8	326,1	MVA
Lengd aðveitukerfis	102,8	4,2	1,5	0,0	108,5	km
Lengd háspennudreifikerfis	197,8	132,9	25,8	50,2	406,7	km
Lengd lágspennudreifikerfis	524,1	444,3	88,2	191,8	2.752,1	km
Orkuöflun alls, mesta afl án ótryggrar orku	32,2	33,4	10,3	9,6	85,6	MW
Orkuöflun alls, mesta afl með ótryggri orku	40,4	34,4	23,6	13,6	112,0	MW
Orkuöflun alls - aðrir	194,1	172,1	119,9	59,5	545,6	GWst
Smásala	181,3	153,6	44,3	46,1	425,2	GWst
Smásala ótrygg orka	6,4	4,6	73,8	11,9	96,7	GWst
Smásala (án vsk); dreifing og flutningur	825,6	821,2	251,3	244,7	2.142,7	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	4,40	5,19	2,13	4,22	4,11	kr/kWst
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	3,59	0,00	15,01	0,71	19,31	Mkr
Niðurgreitt magn	1.107.254	0	4.629.330	219.431	5.956.015	kWst

Hitaveita	Suðurnes Magn	Eyjar Magn	Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700,0	13,3	713,3	km²
Íbúar með hitaveitu	21.299,0	3.609,0	24.908,0	fjöldi
Hús tengd hitaveitu	6.345,0	1.463,0	7.808,0	fjöldi
Veitur (mælitæki)	6.956,0	1.460,0	8.416,0	fjöldi
Fjöldi starfsmanna	62,0	15,0	77,0	stöðugildi
Fjöldi ársverka	15,0	5,0	20,0	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	150,0	0,0	150,0	MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	125,0	38,0	163,0	MW
Lengd safn- og aðveituæða	53,6	0,0	53,6	km
Lengd dreifikerfis	377,9	105,6	483,5	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	11.515.524,0	1.629.790	13.145.314,0	m³/ári
Hámarksálag á árinu	101,5	14,2	115,7	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	663,0	72,2	735,2	GWst/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti	100,0	0,0		%
Hlutfall orkuframleiðslu: annað	0,0	100,0		%
Smásala	25.840		25.840	l/mín/mán;
Smásala	2.324.381	1.335.013	3.659.394	m³;
Smásala (án vsk)	1.105,3	260,0	1.365,3	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	1,75	1,75		kr/kWst
Meðalverð í smásölu (án vsk)	194,80	194,80		kr/m³
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	0	73,60	73,60	Mkr
Niðurgreitt magn	0	792.229	792.229	m³

ÁRSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2010

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur HS Veitna hf er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Félagið var stofnað við skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf þann 1. desember 2008. Þann 31. desember 2008 voru eignir, skuldir og eigið fé sem tilheyrðu einkaleyfisstarfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf flutt yfir í HS Veitur hf. Árið 2009 var því fyrsta rekstrarár félagsins.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 4.215 millj. kr. (2009: 3.975 millj. kr.) og nam hagnaður ársins 321 millj. kr. (2009: tap 255 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 16.535 millj. kr. í árslok 2010 (2009: 16.795 millj. kr.). Eigið fé nam 8.769 millj. kr. eða 53,0% af heildarfjármagni (2009: 8.543 millj. kr. og 51,9%), arðgreiðsla ársins var 95 millj. kr.

Hluthafar félagsins voru sjö í árslok og fækkaði um einn á árinu. Í árslok áttu þrír hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjanesbær	66,75%
Orkuveita Reykjavíkur	16,58%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 250 millj. kr. arður til hluthafa á árinu 2011.

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þátttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2010. Í skýringu 26 er farið nánar yfir stöðu HS Orku hf.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2010.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um stöðu félagsins og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2010 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjanesbær, 25. febrúar 2011

Stjórn:

Forstjóri

Aðstoðarforstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Veitna hf fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 25. febrúar 2011

Deloitte hf.

Yfirlit um heildarafkomu árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur	6	4.215.078	3.974.577
Kostnaðarverð sölu		(2.919.463)	(2.777.412)
Vergur hagnaður		1.295.615	1.197.165
Annar rekstrarkostnaður	7	(375.142)	(551.288)
Rekstrarhagnaður		920.473	645.877
Fjármunatekjur		55.486	79.731
Fjármagnsgjöld		(524.211)	(922.755)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	10	(468.725)	(843.024)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		451.748	(197.147)
Tekjuskattur	11	(130.454)	(57.495)
Heildarhagnaður (tap) ársins		321.294	(254.642)
Hagnaður (tap) á hlut:			
Grunnhagnaður (tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut	19	0,24	(0,19)

Skýringar á blaðsíðum XX til XX eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins. Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Eignir			
Rekstrarfjármunir	12	14.781.527	14.689.588
Óefnislegar eignir	13	546.306	562.861
Eignarhlutir í félögum	14	11.837	13.732
Fastafjármunir samtals		15.339.670	15.266.181
Rekstrarvörubirgðir	15	227.317	276.722
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	781.254	803.587
Handbært fé	17	186.377	448.442
Veltufjármunir samtals		1.194.948	1.528.751
Eignir samtals		16.534.618	16.794.932
Eigið fé			
Hlutafé		1.336.429	1.336.429
Lögbundinn varasjóður		334.107	334.107
Óráðstafað eigið fé		7.098.784	6.872.490
Eigið fé samtals	18	8.769.320	8.543.026
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	20	5.853.569	6.620.008
Tekjuskattsskuldbinding	21	756.079	625.625
Fyrirfram innheimtar tekjur	23	584.651	607.284
Lífeyrisskuldbinding	22	98.983	82.798
Langtímaskuldir samtals		7.293.282	7.935.715
Vaxtaberandi skuldir	20	56.157	90.398
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	349.826	162.860
Fyrirfram innheimtar tekjur	23	66.033	62.933
Skammtímaskuldir samtals		472.016	316.191
Skuldir samtals		7.765.298	8.251.906
Eigið fé og skuldir samtals		16.534.618	16.794.932

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

Eiginfjáryfirlit árið 2010

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2009				
Eigið fé 1. janúar 2009	1.336.429	334.107	7.127.132	8.797.668
Heildartap ársins			(254.642)	(54.642)
Eigið fé 31. desember 2009	1.336.429	334.107	6.872.490	8.543.026
Árið 2010				
Eigið fé 1. janúar 2010	1.336.429	334.107	6.872.490	8.543.026
Greiddur arður á árinu			(95.000)	(95.000)
Heildarafkoma ársins			321.294	321.294
Eigið fé 31. desember 2010	1.336.429	334.107	7.098.784	8.769.320

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		321.294	(254.642)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	22	16.185	82.798
Afskriftir	9	499.531	493.622
Virðisrýrnun		0	140.126
Söluhagnaður fastafjármuna		7.411	(381)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10	468.725	843.024
Tekjuskattur	11	130.454	57.495
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.443.600	1.362.042
Rekstrarvörubirgðir, lækkun		49.405	132.306
Skammtímakröfur, lækkun		22.333	302.625
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		174.673	(486.674)
Fyrirfram innheimtar tekjur, (lækkun)		(19.533)	(5.835)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.670.478	1.304.464
Innheimtar vaxtatekjur		55.486	39.409
Greidd vaxtagjöld		(322.135)	(365.597)
Handbært fé frá rekstri		1.403.829	978.276
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(588.119)	(434.374)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		0	(26.811)
Seldir fastafjármunir		5.793	518
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum		0	1.820
Lækkun á hlutafé í öðrum félögum		1.895	0
Fjárfestingarhreyfingar		(580.431)	(458.847)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(95.000)	0
Afborganir langtímalána		(90.687)	(76.923)
Endurkaup á skuldabréfaútgáfu		(899.776)	0
Fjármögnunarhreyfingar		(1.085.463)	(76.923)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(262.065)	442.506
Handbært fé í ársbyrjun		448.442	5.936
Handbært fé í lok ársins		186.377	448.442

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf í HS Orku hf og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni. Félagið er dótturfélag Reykjanesbæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi bæjarfélagsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði, að því undanskildu að fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Nánar er fjallað um mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 12 - rekstrarfjármunir
- Skýring 13 - óefnislegar eignir
- Skýring 15 - rekstrarvörubirgðir
- Skýring 16 - viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur
- Skýring 22 - lífeyrisskuldbinding

Upplýsingar um forsendur og óvissu í mati þar sem veruleg áhætta er að verulegar breytingar verði á næsta fjárhagsári, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 12 - rekstrarfjármunir
- Skýring 13 - óefnislegar eignir
- Skýring 15 - rekstrarvörubirgðir
- Skýring 16 - viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi, efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Hlutafé

Almennt hlutafé

Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.
Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rafveitukerfi	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	50 ár
Fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 20 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

d. Óefnislegar eignir

(i) Nýtingarréttur

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(ii) Þróunarkostnaður

Þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Þróunarkostnaður er ekki afskrifaður línulega.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(iv) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur	35 ár

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

e. Leigusamningar

Leigusamningar sem félagið hefur gert eru rekstrarleigusamningar og eru leigufjármunir ekki færðar til eignar. Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

f. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

g. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

h. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti og þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

i. Tekjur

Rekstrartekjur

Tekjur af orkuflutningi og dreifingu og sölu vatns eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri reynslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

Tekjurammi

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveita, afskrift rekstrarfjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi eigin fjár m.v. markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa, fyrir vexti og skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins.

Tengigjöld

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra dreifikerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 árum. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

k. Tekjuskattur

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

i. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

m. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan félagsins. Afkoma allra starfsþátta félagsins er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum þess er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Afkoma starfsþátta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfsþætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfsþætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfsþætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

Fjárfestingar starfsþátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

n. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir á þeim og breytingar á núverandi stöðlum sem eru í gildi í árslok 2010 og tengjast starfsemi félagsins. Félagið hefur ekki innleitt fyrirfram alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir eða breytingar sem taka gildi eftir 31. desember 2010. Ekki er talið að upptaka þeirra muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Fjárfestingar í hlutabréfum

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörsdegi.

b. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

c. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáráhætta
- Markaðsáhætta
- Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu, framhald

b. Lánsáhætta, framhald

(i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga og fyrirtæki.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

c. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

(ii) Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

(iii) Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

e. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárhlutfalli. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um eiginfjárhlutfall.

f. Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 3,95% arðsemi, en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

6. Starfsþáttaryfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Raforku-dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Árið 2010					
Rekstrartekjur samtals	2.202.850	1.379.162	420.600	212.466	4.215.078
Rekstrarafkoma starfsþátta	549.921	249.206	120.954	392	920.473
Óskiptir liðir					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals					(468.725)
Tekjuskattur					(130.454)
Heildarhagnaður ársins					321.294
Eignir starfsþátta	9.526.859	3.333.392	2.351.178	116.404	15.327.833
Óskiptar eignir					1.206.785
Eignir samtals					16.534.618
Óskiptar skuldir					7.765.298
Fjárfestingar	395.584	70.920	121.615	0	588.119
Afskriftir	310.215	101.869	83.779	3.668	499.531

	Raforku-dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Árið 2009					
Rekstrartekjur samtals	2.022.248	1.311.162	376.883	264.284	3.974.577
Rekstrarafkoma starfsþátta	378.627	145.142	103.679	18.429	645.877
Óskiptir liðir					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals					(843.024)
Tekjuskattur					(57.495)
Heildartap ársins					(254.642)
Eignir starfsþátta	9.438.992	3.377.786	2.309.744	125.927	15.252.449
Óskiptar eignir					1.542.483
Eignir samtals					16.794.932
Óskiptar skuldir					8.251.906
Fjárfestingar	361.641	41.624	57.877	43	461.185
Afskriftir	305.126	101.891	82.487	4.118	493.622
Virðisrýrnun	0	140.126	0	0	140.126

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

7. Annar rekstrarkostnaður

	2010	2009
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	25.359	92.606
Leigukostnaður húsnæðis	32.287	34.364
Almennur skrifstofukostnaður	33.469	34.408
Aðkeypt þjónusta	275.552	225.195
Annar kostnaður	5.546	2.044
Niðurfærsla annarra skammtímakrafna	0	19.687
Virðisrýrnun óefnislegra eigna	0	140.126
Afskriftir	2.929	2.858
Annars rekstarkostnaður samtals	375.142	551.288

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Stjórnarlaun	7.564	8.248
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	16.185	82.798
Framlag í lífeyrissjóð	605	660
Önnur launatengd gjöld	1.005	900
Laun og launatengd gjöld samtals	25.359	92.606

Laun og launatengd gjöld eru færð meðal annars rekstrarkostnaðar.
Engir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu 2010, en félagið kaupir þjónustu samkvæmt þjónustu og verkkaupasamningi við HS Orku hf.

9. Afskriftir og virðisrýrnun

	2010	2009
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:		
Afskrift rekstrarfjármuna, skýring 12	482.976	477.413
Afskrift óefnislegra eigna, skýring 13	16.555	16.209
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi	499.531	493.622
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Kostnaðarverð sölu	496.602	490.763
Annar rekstrarkostnaður	2.929	2.859
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi	499.531	493.622

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	55.486	79.731
Fjármunatekjur samtals	55.486	79.731
Vaxtagjöld	(342.197)	(377.887)
Verðbætur	(181.809)	(543.007)
Gengistap	(205)	(1.861)
Fjármagnsgjöld samtals	(524.211)	(922.755)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(468.725)	(843.024)

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Hækkun tekjuskattsskuldbindingar	(130.454)	(57.495)
Gjaldfærður tekjuskattur	(130.454)	(57.495)

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna ársins 2010 á árinu 2011 vegna yfirfæranlegs taps.

Frestaður tekjuskattur í rekstri greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun	(54.846)	46.775
Hækkun skatthlutfalls úr 18% í 20% (2009: 15% í 18%)	(75.608)	(104.270)
	(130.454)	(57.495)

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

Hagnaður (tap) ársins	321.294	(254.642)
Tekjuskattur ársins	130.454	57.495
Hagnaður (tap) ársins án tekjuskatts	451.748	(197.147)

	2010		2009	
Skatthlutfall	18,0%	(81.315)	15,0%	29.572
Breyting á tekjuskattshlutfalli	(38,4%)	(75.608)	(52,9%)	(104.270)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu	11,3%	22.270	7,9%	15.656
Annað	2,1%	4.199	0,8%	1.547
Virkur tekjuskattur	(28,9%)	(130.454)	29,2%	(57.495)

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rafveitukerfi	Hitaveitu- og fersk-vatnskerfi	Fasteignir og aðrir rekstrar-fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Yfirfært við stofnun félagsins	9.047.611	5.075.921	609.232	14.732.764
Staða 1.1.2009	9.047.611	5.075.921	609.232	14.732.764
Keypt á árinu	334.178	72.460	27.736	434.374
Selt á árinu	0	0	(137)	(137)
Staða 31.12.2009	9.381.789	5.148.381	636.831	15.167.001
Afskriftir				
Afskriftir 31.12.2008/1.1.2009	0	0	0	0
Afskrifað á árinu	274.079	155.115	48.219	477.413
Staða 31.12.2009	274.079	155.115	48.219	477.413
Bókfært verð				
1.1.2009	9.047.611	5.075.921	609.232	14.732.764
31.12.2009	9.107.710	4.993.266	588.612	14.689.588
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2010	9.381.789	5.148.381	636.832	15.167.002
Keypt á árinu	393.427	185.403	9.288	588.118
Selt á árinu	0	(13.261)	(370)	(13.631)
Staða 31.12.2010	9.775.216	5.320.523	645.750	15.741.489
Afskriftir				
Afskriftir 1.1.2010	274.079	155.115	48.220	477.414
Afskrifað á árinu	280.935	157.080	44.961	482.976
Selt á árinu	0	(428)	0	(428)
Staða 31.12.2010	555.014	311.767	93.181	959.962
Bókfært verð				
1.1.2010	9.107.710	4.993.266	588.612	14.689.588
31.12.2010	9.220.202	5.008.756	552.569	14.781.527

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru framkvæmd í árslok til að staðfesta að eignir stæðu undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarpróf eru framkvæmd á hverja og eina sjóðstreymisskapandi einingu, þ.e. heitt vatn, ferskvatn og rafmagn. Eignir í ferskvatnskerfum stóðu tæpt í árslok þar sem vænt framtíðarsjóðstreymi þeirra var alveg um bókfært verð þeirra. Vænt framtíðarsjóðstreymi eigna heita vatnsins og rafmagnsins var hinsvegar vel yfir bókfærðu verði þeirra. Prófin taka tillit til breyttra forsendna um tekjumyndun frá fyrra ári í samræmi við fjárhagsleg markmið fyrirtækisins um arðsemi sem fram koma í heildarstefnu fyrirtækisins um verðlagningu til notenda. Nánar er fjallað um virðisrýrnunarpróf í skýringu 3g.

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

12. Rekstrarfjármunir, framhald

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 1.189 millj. kr. í árslok 2010 (2009: 1.267 millj. kr.). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 8.927 millj. kr. Í árslok 2010 (2009: 8.689 millj. kr.).

13. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Nýtingarréttur	Þróunar-kostnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Yfirfært við stofnun félagsins	137.137	555.248	692.385
Staða 1.1.2009	137.137	579.070	716.207
Keypt á árinu	2.989	0	2.989
Fært út	(140.126)	0	(140.126)
Staða 31.12.2009	0	579.070	579.070
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2009	0	0	0
Afskrifað á árinu	0	16.209	16.209
Virðisrýrnun	140.126	0	140.126
Fært út	(140.126)	0	(140.126)
Staða 31.12.2009	0	16.209	16.209
Bókfært verð			
1.1.2009	137.137	579.070	716.207
31.12.2009	0	562.861	562.861

	Nýtingarréttur	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.2010	579.070	579.070
Staða 31.12.2010	579.070	579.070
Afskriftir og virðisrýrnun		
Staða 1.1.2010	16.209	16.209
Afskrifað á árinu	16.555	16.555
Staða 31.12.2010	32.764	32.764
Bókfært verð		
1.1.2010	562.861	562.861
31.12.2010	546.306	546.306

Nýtingarréttur

Félagið hefur gert samning við Vestmannaeyjabæ um nýtingu neðansjávarleiðslu til flutnings ferskvatns til dreifingar í Vestmannaeyjum. Samningurinn er til 35 ára. Eignfærður er nýtingarréttur vegna þessa.

14. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	2010		2009	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Netorka hf.	9,1%	11.837	9,1%	13.732

15. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir félagsins samanstanda af efnisbirgðum og varahlutum.

16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2010	2009
Viðskiptakröfur	836.637	593.376
Krafa á HS Orku hf.	0	243.911
Aðrar kröfur	35.704	23.987
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(71.400)	(38.000
Niðurfærsla annarra krafna	(19.687)	(19.687
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	781.254	803.587

17. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnistæðum.

18. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.336 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

Lögbundinn varasjóður

Heimilt er að nota lögbundinn varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða til annarra þarfa.

Arður

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 250 millj. kr (0,19 kr. á hlut) á árinu 2011. Á árinu 2010 var greiddur út arður að fjárhæð 95 millj. kr (0,07 kr. á hlut).

19. Hagnaður (tap) á hlut

Grunntap og þynnt tap á hlut	2010	2009
Hagnaður (tap) ársins	321.294	(254.642
Vegið meðaltal útistandandi hluta:		
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	1.336.429	1.336.429
Grunn- og þynntur hagnaður (tap) á hlut	0,24	(0,19)

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

20. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 25.

	31.12.2010	31.12.2009
Langtímaskuldir		
Óveðtryggð bankalán	91.026	143.745
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum	5.818.700	6.532.252
Önnur óveðtryggð lán	0	34.409
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(56.157)	(90.398)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	5.853.569	6.620.008
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	56.157	90.398
Vaxtaberandi skuldir samtals	5.909.726	6.710.406

Skilmálar vaxtaberandi skulda

		31.12.2010		31.12.2009	
	Lokagjalddagi	**Meðalvextir**	**Eftirstöðvar**	**Meðalvextir**	**Eftirstöðvar**
Verðtryggðar skuldir í ISK	2012-2018	5,3%	5.909.726	5,3%	6.710.406

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:	31.12.2010	31.12.2009
Árið 2010	-	90.398
Árið 2011	56.157	55.673
Árið 2012	33.576	30.824
Árið 2013	1.292	1.572
Árið 2018	5.818.701	6.531.939
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	5.909.726	6.710.406

21. Tekjuskattsskuldbinding

Þann 28. desember 2010 var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 20% frá og með 1. janúar 2011 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2011. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuldbinding hækkað um 76 millj. kr. í árslok 2010.

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig	**2010**	**2009**
Staða 1.1.	625.625	568.130
Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls	75.608	104.270
Tekjuskattur ársins	54.846	(46.775)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	756.079	625.625

21. Tekjuskattsskuldbinding, framhald

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:	2010	2009
Rekstrarfjármunir	902.347	779.478
Rekstrarvörubirgðir	(5.316)	(4.784)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(18.217)	(10.384)
Fyrirfram innheimtar tekjur	(20.170)	(19.969)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(102.441)	(118.493)
Frestun gengismunar skattalega	(124)	(223)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	756.079	625.625

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár frá myndun þess og skiptist þannig:

Tap ársins 2008 nýtanlegt til ársins 2018	21.677	167.768
Tap ársins 2009 nýtanlegt til ársins 2019	490.528	490.528
Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals	512.205	658.296

22. Lífeyrisskuldbinding

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Félagið tekur þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf og nemur hlutdeild þess í árslok 99 millj. kr. (2009: 83 millj. kr.) og er færð sem langtímaskuld við HS Orku hf, hækkun ársins var 16 millj. kr. (2009: 83 millj. kr.). Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf er greidd með álagi á keypta þjónustu af HS Orku hf.

23. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur námu í árslok 2010 651 millj. kr. (2009: 670 millj. kr.). Sá hluti fyrirfram innheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2010 námu 66 millj. kr. (2009: 63 millj. kr.).

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2010	2009
Viðskiptaskuldir	165.946	108.983
Skuld við HS Orku hf	163.780	0
Aðrar skammtímaskuldir	20.100	53.877
Aðrar skammtímaskuldir samtals	349.826	162.860

25. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýr.		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	781.254	803.587
Handbært fé	17	186.377	448.442
		967.631	1.252.029

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Viðskiptakröfur, án niðurfærslu	836.637	593.376
	836.637	593.376

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

	2010		2009	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	435.400	0	465.034	0
0 - 30 daga	148.953	2.979	53.242	0
31 - 60 daga	71.205	1.780	30.829	6.315
61 - 90 daga	42.997	2.150	10.694	4.272
91 dags og eldri	138.082	64.491	33.577	27.413
	836.637	71.400	593.376	38.000

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2010	2009
Niðurfærsla 1.1.	38.000	20.125
Afskrifaðar kröfur	(20.229)	(11.822)
Niðurfærsla ársins	53.629	29.697
Niðurfærsla 31.12.	71.400	38.000

Aðrar kröfur

Aðrar kröfur eru niðurfærðar um 19,7 millj. kr. vegna óvissu um innheimtanleika.

Lausafjársáhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært verð	Samnings-bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
31. desember 2010						
Vaxtaberandi langtíma skuldir	5.909.726	8.376.853	364.548	341.967	926.465	6.743.873
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	349.826	349.826	349.826			

25. Fjármálagerningar, framhald

Lausafjársáhætta, framhald

	Bókfært verð	Samnings-bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
31. desember 2009						
Vaxtaberandi langtíma skuldir .	6.710.406	9.985.937	450.868	410.463	1.087.726	8.036.880
Aðrar skammtímaskuldir	162.860	162.860	162.860			

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins eru einvörðungu í íslenskum krónum sem og tekjur þess og gjöld.

Vaxtaáhætta og verðbótaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

	2010	2009
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Verðtryggðar fjárskuldir	5.909.726	6.710.406

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar félagsins með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörsdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins. Óveruleg vaxtaáhætta er til staðar.

Næmnigreining vegna verðbóta

Ef verðlag hefði verið einu % hærra á uppgjörsdegi hefði afkomu ársins eftir tekjuskatt hækkað (lækkað) um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2009.

	2010	2009
Verðtryggðar fjárskuldir	(8.865)	(10.066)

Lækkun verðlags um 1% hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Gangvirði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2010		2009	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum	11.837	11.837	13.732	13.732
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	781.254	781.254	803.587	803.587
Handbært fé	186.377	186.377	448.442	448.442
Vaxtaberandi skuldir	5.909.726	5.909.726	6.710.406	6.710.406
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	349.826	349.826	162.860	162.860
	7.239.020	7.239.020	8.139.027	8.139.027

Fjallað er um forsendur við ákvörðun gangvirðis í skýringu 4.

25. Fjármálagerningar, framhald

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt.

Vextir greinast þannig:	2010	2009
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5,3%	5,3%

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar-verði	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
2010				
Eignarhlutir í öðrum félögum			11.837	11.837
Viðskiptakröfur		765.237		765.237
Aðrar skammtímakröfur		16.017		16.017
Handbært fé		186.377		186.377
Samtals eignir	0	967.631	11.837	979.468
Vaxtaberandi skuldir	5.909.726			5.909.726
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	186.046			186.046
Samtals skuldir	6.095.772	0	0	6.095.772
2009				
Eignarhlutir í öðrum félögum			13.732	13.732
Viðskiptakröfur		555.376		555.376
Aðrar skammtímakröfur		248.211		248.211
Handbært fé		448.442		448.442
Samtals eignir	0	1.252.029	13.732	1.265.761
Vaxtaberandi skuldir	6.710.406			6.710.406
Aðrar skammtímaskuldir	162.860			162.860
Samtals skuldir	6.873.266	0	0	6.873.266

26. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þátttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2010 (2009: 9.449 millj. kr.).

HS Orka hf skilaði inn ársreikningi þann 14. febrúar síðastliðinn. Samkvæmt ársreikningi var heildarhagnaður ársins 2010 um 711 millj. kr. (2009: 8.155 millj. kr.), eigið fé félagsins var 41,6% í árslok 2010 (2009: 33,5%), hlutafé var aukið um 2.534 millj. kr. af nýjum eigendum á árinu og handbært fé frá rekstri var 2.072 millj. kr. (2009: 1.825 millj. kr.). Það er því mat stjórnenda að líkur á að á þessa ábyrgð reyni séu hverfandi.

27. Þjónustu- verkkaupasamningar

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Á grundvelli samningsins kaupir félagið stjórnunar og skrifstofuþjónustu, auk þjónustu vegna reksturs veitukerfa félagsins.

28. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Eigendur með yfir 25% eignarhlut, HS Orka hf, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið seldi eigendum með yfir 25% eignarhlut vörur og þjónustu fyrir 123 millj. kr. á árinu 2010 (2009: 112 millj. kr.), krafa á eigendur með meira en 25% eignarhlut er 40 millj. kr. í árslok 2010 (2009: 34 millj. kr.). Einnig er krafa vegna vatnsskatts fyrir árið 2010 alls um 126 millj. kr. (sem eigandi annast innheimtu á) þannig að heildarkrafa er 166 millj. kr.

Félagið keypti á árinu vörur og þjónustu af HS Orku hf fyrir 1.618 millj. kr. á árinu 2010 (2009: 1.495 millj. kr.), en skuld félagsins við HS Orku hf er um 163 millj.kr. í árslok 2010 (2009: krafa 243 millj. kr).

Félagið seldi vörur og þjónustu til HS Orku hf fyrir 18 millj. kr. á árinu 2010 (2009: 37 millj. kr.).

29. Samþykki ársreiknings

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 25. febrúar 2011.

Til minnis

SKAMMSTAFANIR:

kV	= kílóvolt	= 1.000 volt
kW	= kílówatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVa	= kílóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVa	= megavoltamper	= 1.000 kVa
kWst	= kílówattstund	= 1.000 wattstundir
MWst	= megawattstund	= 1.000 kWst.
GWst	= gígawattstund	= 1.000 MWst.
TWst	= terawattstund	= 1.000 GWst.
GL	= gígalítri	= 1.000 milljón l.

Ljósmyndir: Oddgeir Karlsson • **Hönnun:** Jón Oddur Guðmundsson • **Prentvinnsla:** Grágás ehf.

Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ
Sími: 422 5200 • hs@hs.is • www.hsveitur.is